

**VESTFIRSKIR
VERKTAKAR**
www.vverk.is

Hábrýstipvottur
Kjarnaborun
Steinsögum
Sími: 456 6600

Nýtt og öflugt
verkfæri
til íbúðakaupa

• Greiðslumat á netinu
• Lánsúmsókn á netinu

Íbúðalán.is
www.ibudalan.is



Símanúmer
Landsbankans
á Ísafirði
er
410 4156

 Landsbankinn
Sími 410 4156
Fax 410 3018

 **Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár**
BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk

Fimmtudagur 12. júlí 2007 · 28. tbl. · 24. árg.

 **Borgríkið Ísland**

Er Ísland að þróast í að vera borgríki?
Eru vitringarnir í Seðlabankanum og
Hafró ekki í takti við raunveruleikann?
Sjá viðtal við Einar Odd Kristjánsson í miðopnu.



Var orðinn
hundleiður

Skorið niður um þriðjung í aflaheimildum í þorski

Einar Kristinn Guðfínsson sjávarútvegssráðherra ákvað að föstudag að aflamark í þorski yrði 130 þúsund tonn á næsta fiskveiðiári. Er þetta niðurskurður um þriðjung og augljóst að afleiðingar í sjávarþorpum Vestfjarða og víðar munu verða miklar. „Ég leyndi því ekki að þetta var mjög erfið ákvörðun“, sagði Einar í samtali við blaðið.

„Ef farið hefði verið hálfa leið eða jafnvel styttra hefði verið ljóst mál að framundan yrði enn frekari niðurskurður, miðað við þær forsendur sem við höfum, auk þess sem dregið hefði úr líkum á árangri síðar meir. Ég taldi það mjög vondan kost

Ég geri hins vegar alls ekki

litið úr afleiðingum þessa niðurskurðar og það þarf enginn að útskýra þær fyrir mér, ég þekki nægilega vel til í sjávarbyggðum landsins til að átta mig á þeim“, sagði Einar.

Gísli Jón Kristjánsson, útgerðarmaður og skipstjóri á Ísafirði, segir að niðurskurður í þorskvóta séu afar slæm tíðindi. „Þetta er mjög slæmt, við vissum að það yrði skerðing en ekki svona mikil. Í þessum mótvægisáðgerðum er talað um sveitarfélögin og að rétta hlut kvenna. Það er gott og gilt en hvað með útgerðirnar og fiskvinnslurnar? Þeir sem hafa keypt kvótaundanfarið eru í verulega slæmum málum“, segir Gísli.

Einar Valur Kristjánsson,



framkvæmdastjóri Hraðfrystihússins – Gunnvarar segir að stjórnendur HG verði að endurskoða rekstur fyrirtækisins frá grunni í ljósi tíðindanna

Frá Sundahöfninni á Ísafirði.

og segist óttast mest um afdrif þorskeldisins. „Við höfum eytt hundruðum milljóna í þorskeldi og þetta getur þýtt að við verðum ekki eins af-

löguferir með þróunarpennina. Það er möguleiki á að það hægi á uppbyggingu í þorskeldinu.“ Nánar er fjallað um málið á bls. 2.

**SAGÐI
BANKANUM
SÍNUM UPP!**

Ætlar að reyna
við Sparisjóðinn

**Við lögum okkur
að þínum þörfum**

Það er grundvallaratriði að þú sért í góðu sambandi við það fjármálfyrirtæki sem þú skiptir við. Hjú Sparisjóðnum leggjum við mikinn metnað í að veita góða og persónulega þjónustu með hagsmuni og þerfir viðskiptavina okkar að leiðarljósi. Traust og gott samband er farsælt fyrir báða aðila.

 **SPARISJÓÐURINN**
– fyrir þig og þína

 Litill heimur... hugsum stórt

EIMSKIP
www.eimskip.is

Dagurinn í dag

12. júlí 2007 – 193. dagur ársins

Pennan dag árið 1947 sökk síldveiðiskipið Sverrir á Skagagrunni. Það var áður olíuflutningaskip, hið fyrsta í íslenskrri eign. Pennan dag árið 1966 tók raunvísindadeild Háskóla Íslands formlega til starfa. Hún fæst við grunnrannsóknir og kennslu.

Þrengist á „langlegudeildinni“

Mörg skip eru bundin við bryggju í bátahöfninni í Ísafjarðarhöfn. Flest þeirra fara lítið á sjó ef þá eitthvað á annað borð og sum hafa legið lengi bundin. Guðmundur M. Kristjánsson, hafnarstjóri Ísafjarðarbæjar, segir að þetta séu mest allt bátar sem búið er að leggja. „Þeir eru annað hvort kvóta- eða verkefnalausir. Það er farið að þrengjast á langlegudeildinni enda hafa skip verið að bætast við undanfarið.“ Guðmundur segir að útgerðirnar borgi sín hafnargjöld og því sé þetta tekjulind fyrir höfnina. „En þetta er ekki sú tekjulind sem við óskum okkur, auðvitað væri skemmtilegra að þau væru á sjó og kæmu til hafnar til að landa fiski en það hefur margt breyst í sjávarútvegi“, segir Guðmundur.

„Hefur ekki tekist að byggja upp stofninn eins og við hefðum viljað“

Einar Kristinn Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra segir að ákvörðun sín um mikinn niðurskurð aflaheimilda í þorski sé sú erfiðasta sem hann hafi tekið í sinni ráðherratíð. „Ég leyni því ekki að þetta var mjög erfið ákvörðun. Það má segja að Hafrannsóknastofnun hafi gefið tóninn fyrir rúmu ári þegar hvatt var til að veiði-álag yrði minnkað. Þá kaus ég að gefa sjálfum mér og öðrum meiri tíma áður en tekin yrði endanleg afstaða til málsins. Ég held það hafi blasað við öllum að fara þyrfti leið niðurskurðar í aflamarki, en spurningin var hversu langt

ætti að ganga að þessu sinni. Ef farið hefði verið hálfá leið eða jafnvel styttra hefði verið ljóst mál að framundan yrði enn frekari niðurskurður, miðað við þær forsendur sem við höfum, auk þess sem dregið hefði úr líkum á árangri síðar meir. Ég taldi það mjög vandan kost“, segir Einar Kristinn.

„Ég geri hins vegar alls ekki lítið úr afleiðingum þessa niðurskurðar og það þarf enginn að útskýra þær fyrir mér, ég þekki nægilega vel til í sjávarbyggðum landsins til að átta mig á þeim. Þess vegna lagði ég til við ríkisstjórn mótvægis- aðgerðir sem eru af margvís-



Einar K. Guðfinnsson.

legum toga. Það kemur að sjálfsgöðu ekkert í staðinn fyrir 60 þúsund tonn af þorski,

en þó er engin ástæða til að gera lítið úr þessari viðleitni“, segir Einar.

„Þessar aðgerðir eru margvíslegar, en ég vil meðal annars nefna að sérstaklega verður komið til móts við þau sveitarfélög sem missa mestar tekjur vegna aflasamdráttar. Þau mál verða útfærð betur í samráði við sveitarfélög á landinu. Í öðru lagi vil ég nefna að Byggðastofnun verður styrkt verulega til að geta tekið á vandanum með fyrirtækjum í sjávarútvegi og fleytt þeim í gegnum þennan öldudal með því að skuldbreyta, veita greiðslufresti eða jafnvel yfir-

taka lán sem menn eru með í öðrum lánastofnunum. Þetta er gert til að tryggja áframhaldandi fjölbreytni í útgerðinni og ekki sist hugsað fyrir ýmis minni fyrirtæki sem gætu þurft á þessu að halda“, segir Einar Kristinn.

Aðspurður um það hvort ástand þorskstofnsins gefi núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi ekki falleinkunn eins og Jón Bjarnason þingmaður Vinstri grænna vill meina segir Einar: „Ég vil fyrst og fremst segja að þetta er til marks um að okkur hefur ekki tekist að byggja upp þorskstofninn eins og við hefðum viljað. Að visu

hafa langflestir sjómenn sem ég hef rætt við sagt að það sé mun meira af fiski en Hafrannsóknastofnun segir, og það finnst mér út af fyrir sig jákvætt. Því ætlum við að stórfela hafrannsóknir og endurskoða togararallið með sjómönnum, enda hefur það fengið mikla gagnrýni þeirra. Ég vonast til að út úr því komi nákvæmari mæling þorskstofnsins. Það er augljóst af þeim tillögum sem þarna koma fram að verið er að bregðast við þeirri gagnrýni sem komið hefur fram á fiskveiðiráðgjöfina.“

– halfdan@bb.is

Einar Valur Kristjánsson, framkvæmdastjóri Hraðfrystihússins Gunnvarar hf., í Hnífsdal

Þorskurinn að verða meðafli

„Ég átti ekki von á að sjávarútvegsráðherra færi eftir tillögum Hafrannsóknastofnunar í einu og öllu“, segir Einar Valur Kristjánsson, framkvæmdastjóri Hraðfrystihússins – Gunnvarar hf. um niðurskurð í þorskveiðum. Hann kallar eftir að gefinn verði út kvóti á hval. „Fyrst það er tekið mark á Hafró í þessu þá að gera það í hvalnum líka og

gefa út kvóta í hval.“

Einar segir að það hafi ekki reynt á það hvort gerandi sé út á hval, það muni koma í ljós. Hjá HG verður skorið niður um 1.500 tonn í þorski og segir Einar það vera meira magn en Kambur á Flateyri seldi í vor. „Í þorski er verið að skera niður hjá okkur um einn og hálfan Kamb ef við setjum þetta í það samhengi.“

Einar segir að niðurskurðurinn sé ekki gjaldþrotayfirlýsing sjávarútvegsstefnunnar.

„Kerfi búa ekki til fisk. Við höfum aldrei veitt jafn mikið af ýsu en síðustu ár. Það eru einhverjar breytingar í umhverfinu og við verðum að efla rannsóknir og reyna að læra.“

Einar segir að stjórnendur HG verði að endurskoða rekst-

ur fyrirtækisins frá grunni og segist óttast mest um afdrif þorskeldisins. „Við höfum eytt hundruðum milljóna í þorskeldi og þetta getur þýtt að við verðum ekki eins aflögufærir með þróunarpennina. Það er möguleiki á að það hægi á uppbyggingu í þorskeldinu.“

Hann er efins um að sumar ráðstafanir sem nefndar hafa verið mótvægisáðgerðir hjálpi sjávarútveginum. „Það hefur komið fram í fjölmiðlum að það eigi að mála opinberar byggingar og leggja símalínur. Það mun ekki hjálpa fyrirtækjunum sem slíkum. Vagga þorskeldisins er á Vestfjörðum og ég held að hið opinbera geti komið þar inn í með auknið

fé í seiðarannsóknir og kynbætur. Þar skortir fé. Í þorskeldinu hefur verið vöxtur meðan hinn hefðbundni sjávarútvegur er í vörn.“

Einar segist ekki óttast um afdrif HG. „Við höfum verið að reka fyrirtækið ágætlega að ég held og munum gera það áfram.“

Hversu lengi sjávarútvegurinn þoli svo lítinn þorsk- kvóta segir Einar: „Það er verið að fara eftir tillögum Hafró í einu og öllu. Ég trúi ekki að það væri farið niður í 130 þús. tonn væru menn ekki vissir um að þetta lagist eitthvað í framtíðinni. Ef það gerist ekki þá held ég að einhvers staðar verði menn að hysja upp um sig.“



Einar Valur Kristjánsson.

Að sögn Einars stefnir í að þorskur verði meðafli. „Hjá einhverjum útgerðum verður erfitt að stunda ýsuveiðar. Við erum reyndar vel settir í þorski. Beinir þorskveiðar verða ekki stundaðar af krafti í framtíðinni og þorskurinn verður meðafli, það er af sem áður var. Menn verða að leita í aðrar tegundir og flýja þorskinn og hafa verið að gera það í mörg ár.“ segir Einar.

– smari@bb.is

Grunnstoðir atvinnulífs á Vestfjörðum verði eflar

Unnið verður að því að efla sérstaklega grunnstoðir atvinnulífs á Vestfjörðum í samræmi við tillögur svokallaðrar Vestfjarðanefndar til að mæta væntanlegum áhrifum mikils niðurskurðar í veiðiheimildum á þorski. Þetta sagði Ingi- björg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra á fundi í Ráðherrabústaðnum á föstudag þar sem kynnt var m.a. 130 þúsund tonna aflamark í þorski.

Meðal annarra aðgerða sem grípa á til má nefna styrkingu Byggðastofnunar, niðurfellingu veiðigjalds vegna þorskveiða og aukin framlög til endurmenntunar. Þá skal tekið sérstaklega á atvinnulífi kvenna og skoðað hvort þörf sé á því að auka framlög til þeirra



Geir H. Haarde, forsætisráðherra.

sveitarfélaga sem verða fyrir hvað mestri tekjuskerðingu vegna samdráttar í þorskveiðum.

Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði að ríkisstjórnin myndi ekki bregða sér undan þeirri ábyrgð sem fylgdi ákvörðun sjávarútvegsráðherra og sagði væntanlegar aðgerðir hins opinbera skiptast í þrennt. Í fyrsta lagi yrði gripið til aðgerða til að draga úr fyrstu áhrifum af tekjuskerðingu. Í öðru lagi yrði gripið til aðgerða sem til lengri tíma myndu byggja upp þau svæði sem verst yrðu úti og stuðla þar að fjölbreyttu og öflugum atvinnulífi. Sagði ráðherra að þetta mætti t.d. gera með því að flýta uppbyggingu í samgöngu-, fjarskipta- og menntamálum og með flutningi opinberra starfa. Í þriðja lagi yrðu hafrannsóknir eflar.

– halfdan@bb.is

Þjuggumst aldrei við svona mikilli skerðingu

Gísli Jón Kristjánsson, útgerðarmaður og skipstjóri á Ísafirði, segir að niðurskurður í þorsk- kvóta séu afar slæm tíðindi. „Þetta er mjög slæmt, við vissum að það yrði skerðing en ekki svona mikil. Í þessum mótvægisáðgerðum er talað um sveitarfélögin og að rétta hlut kvenna. Það er gott og gilt en hvað með útgerðir-

ar og fiskvinnslurnar? Þeir sem hafa keypt kvóta undanfarið eru í verulega slæmum málum“, segir Gísli.

Hann sér þó ljósan punkt í ákvörðun sjávarútvegsráðherra og nefnir bann við sumar- loðnuveiðum. „Ég vil þó sjá meiri skerðingu í loðnuveiðum. Fiskurinn verður að éta eitthvað. Við erum að sjá hvar aðan fisk og hann þarf loðnu.“

Gísli er ekki bjartsýnn á ýsuveiðarnar en aflamark í ýsu er 100 þús. tonn á móti 130 þús. tonnum af þorski. „Það gengur aldrei. Þetta er tómt bull og það verður að vera eitthvað samræmi í þessu. Menn fá blandaðan afla, það er mjög sjaldan að við komumst í hreina ýsu. En þeir hljóta að vera búnir að reikna þetta út, eða hvað?“



Unnið að endurbótum við Pollgötu

Sumarið er tíminn til að vinna nauðsynleg verk við endurbætur og fegurun bæjarins. Þegar ljósmyndari bb.is átti leið um Pollgötuna á Ísafirði voru starfsmenn Ásel önnum kafnir við að steypa nýjan kantstein við plan Stjórnsluhússins. Undanfarinn mánuð hafa staðið yfir endurbætur á gangstéttinni við Pollgötu og kominn tími til enda fátt fegurra en að ganga götuna að kveldi til, þegar innlögnin hefur þrotið örendi, og sjá fjöllin blá spegla sig í sléttum Pollinum.

Lúpínan teygir sig í átt að fjallstindum

Alaskalúpínan er farin að teygja sig hátt upp í Eyrarfjall fyrir ofan Skutulsfjarðareyri, eins og sjá má á meðfylgjandi mynd, en plantan hefur á undanförunum árum orðið æ meira áberandi á Íslandi og eru Vestfirðir engin undan- tekning þar á. Ágæti lúpínunnar hefur löngum verið umdeilt, því þó hún sé notuð til jarðvegsbindingar og al-

mennt talin falleg, dreifir hún líka hratt og mikið úr sér. Plantan er einnig áberandi í nágrenni Ísafjarðar og hefur til dæmis gert sig heimakomma fyrir ofan Flateyri, þar sem hliðin við snjóflóðavarnargarðinn er yfirleitt himinblá í júnímánuði.

Lúpínan tilheyrir ætt belgjurta, sem hafa þá sérstöðu meðal plantna að lifa í sambýli

við bakteríur. Bakteríurnar vinna köfnunarefni úr andrúmsloftinu sem plantan notar sér til framdráttar og eru belgurtir því ekki háðar köfnunarefnisáburðargjöf eins og aðrar plöntur. Köfnunarefnisbindingin gerir það að verkum að við rotun plöntuleifa verður köfnunarefnið eftir í jarðveginum sem nýttist öðrum plöntum. Þetta verður til þess að



Lúpínan hefur komið sér vel fyrir í hlíðum Eyrarfjalls.

frjósamur jarðvegur byggst upp.

Á vefsíðu Skógræktarfélags Íslands kemur fram að lúpínan (*Lupinus nootkatensis* Donn ex Simms) hafi fyrst verið flutt til Íslands frá Alaska haustið 1945 af Hákonni Bjarnasyni. „Lúpínan hefur allmikið verið notuð í uppgræðslu á undanförunum árum og er notuð til að mynda gróðurþekju og byggja upp frjósaman jarðveg.

Sá galli er þó á gjöf Njarðar að lúpínan getur myndað þéttar breiður þar sem lágvaxnari gróður á erfitt uppdráttar. Lúpínan dreifist með fræi og getur breiðst nokkuð hratt út þar sem skilyrði eru fyrir hendi og jafnvel farið yfir gróid land. Dæmi eru um að lúpínan taki að hörfa fyrir öðrum gróðri eftir 15-20 ár en sums staðar hefur hún viðhaldist mun lengur án þess að

láta undan síga.“

Undanfarið hefur borið á því að skógarkerfillinn breiðist einnig hratt út, sérstaklega á landi þar sem engin beit er. Skógarkerfillinn, sem er almennt talinn fylgifyskur lúpíunnar, er náfrændi Spánarkerfilsins, eins óvinsælasta gests íslenskra húsgráða. Þegar lúpínan lætur undan er algengt að skógarkerfillinn taki við. – *tinna@bb.is*

Millilandaflug kæmi sjávarútveginum vel

„Beint millilandaflug frá Vestfjörðum myndi koma þeim fyrirtækjum sem eru að flytja út ferskan fisk afar vel“, segir Óðinn Gestsson, framkvæmdastjóri Íslandssögu á Suðureyri. Kristján Þór Júlíusson, þingmaður Norðausturkjördæmis, varpaði þeirri hugmynd fram á dögnum að koma ætti á fót millilandaflugi með sjávarafurðir frá Akur-

eyri, Egilsstöðum og Þingeyri. Íslandssaga hefur flutt út umtalsvert magn af ferskum fiski á Bretlandsmarkað og er afurðunum keyrt til Keflavíkur þar sem þær fara í flug.

Óðinn segir að hæfist beint flug frá Vestfjörðum myndi það jafna samkeppnisstöðu sjávarútvegsins vestra verulega. „Við kæmumst þá jafnfætis Suðurnesjamönnum sem

hafa flugvöll við túnfötinn. Ég tel að menn eigi að leggja áherslu á að skoða þetta vandlega.“

Óðinn segir að flugið gæti alveg eins verið frá Ísafirði og finna þurfi hentuga flugvél í verkið, hún þurfi ekki að vera risastór þota. Útflutningur á ferskum fiski hefur verið einn mesti sóknarbroddurinn í sjávarútvegi undanfarið.

Mun ekki kosta flutning hesthúsa og spennustöðvar

Ofanflóðasjóður mun ekki taka þátt í kostnaði við varnir eða flutning hesthúsa og annarra mannvirkja undir fjallinu Erni í Bolungarvík eins og Grímur Atlason bæjarstjóri hafði spurt hvort kæmi til greina í bréfi til umhverfisráðuneytis fyrir skömmu. Í svari ráðuneytisins kemur fram að hvorki komi til greina að kosta varnir né taka þátt í flutningi mannvirkja þar sem

ekki er íbúabyggð og er vitnað í lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Segir í svari ráðuneytisins að samkvæmt lögnum sé Ofanflóðasjóði ekki ætla að taka þátt í kostnaði vegna snjóflóðavarna af því tagi.

„Maður mátti svo sem alveg eiga von á þessu“, segir Grímur. „En við þetta ástand verður þó ekki búið til lengdar. Ef það félli snjóflóð á spennistöð

Orkubús Vestfjarða, þar sem einnig er varaafstöð, yrði allt sveitarfélagið án rafmagns.“

Grímur segir nauðsynlegt að láta flytja byggðina. Húsin hafi á sínum tíma verið byggð í góðri trú en nú sé svo komið að eigendur hesthúsa á svæðinu sitja uppi með verðlausar eignir. „Málinu er ekki lokið. Ég mun senda Orkubúinu erindi og spyrja hvað þeir geti hugsað sér að gera í málinu.“

Segir lækkun hámarksblána eingöngu bitna á landsbyggðinni

Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Norðvesturkjördæmis, segir lækkun hámarksblána Íbúðalánasjóðs úr 90 niður í 80 prósent bitna nær eingöngu á landsbyggðinni og spyr hvort þessi lækkun séu fyrsti liður í boðudum mótvægisáðgerðum ríkisstjórnarinnar vegna niðurskurðar í þorskkvóta. Segir hann augljóst að lækkun láns-

hlutfallsins hafi hverfandi áhrif á höfuðborgarsvæðinu en umtalsverð á landsbyggðinni. Kristinn segist enga trú hafa á því að lækkunin geti orðið til lækkunar verðbólgu.

„Þenslan er vegna útlána bankakerfisins til heimilanna. Lækkun hámarksblána ÍLS dregur ekki úr lánveitingum heldur miklu fremur bætir svigrúm þeirra til aukinna

lána. Áðgerð til þess að draga úr þenslu verður að minnka getu bankanna til útlána. Eðlilegast er að auka bindiskyldu þeirra gagnvart Seðlabanka á nýjan leik, en færa má rök fyrir því að upphaf útlána-sprengingar bankanna megi rekja til lækkunar bindiskyldunnar 2003/2004“, segir Kristinn.

– *halfdan@bb.is*

BÓNUS

Starfsfólk vantar í Bónus Ljóninu



BÓNUS

Viltu vinna með okkur?

BÓNUS

Okkur vantar góða, duglega og trausta vinnufélaga í hópinn í Bónus. Gott er að viðkomandi sé glaðlyndur, samstarfsfús og stundvís.

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst og hafi vinsamlegast samband við Guðmund verslunarstjóra eða skrái sig inn á bonus.is.

BÓNUS

BÓNUS

30%
afsláttur999 kr/kg
Verð áður 1.434 kr/kg

Gourmet grísaofnsteik

Úrval af helgartilboðum

Fjöldi annarra girnilegra tilboða sem gilda 12. júlí - 15. júlí.

1.759 kr/kg
Verð áður 2.515 kr/kg30%
afslátturKjúklingabringur
magnpakki1.229 kr/kg
Verð áður 1.759 kr/kg30%
afslátturGourmet
rauðvinslegið
lambalæri327 kr/kg
Verð áður 468 kr/kg30%
afslátturBBQ
kjúklingaleggir229 kr
Verð áður 309 kr

ora

Ora grillsósur
með hvítlauk,
sólp.tómötum
og laukryddi795 kr/kg
Verð áður 1.136 kr/kg30%
afslátturSpánskar
pylsur55 kr
Verð áður 85 krMaryland
kex99 kr
Verð áður 149 krKók light
1 lítri329 kr
Verð áður 439 krSkordýrahreinsir
Bug off99 kr/kg
Verð áður 199 kr/kg

Melónur grænar

Samkaup úrval

Hinrik Kristjánsson, framkvæmdastjóri og aðal eigandi fiskvinnslunnar Kambs hf., á Flateyri

Eignuðumst engan byggðakvóta

„Það er alrangt að Kambur hafi eignast byggðakvóta og síðan selt hann“, segir Hinrik Kristjánsson, aðaleigandi Kambs. Í Morgunblaðinu kom fram hörð gagnrýni á Hinrik og hvernig hann stóð að sölu Kambs. Haft er eftir Halldóri Halldórssyni, bærjastjóri Ísafjarðarbæjar, að Hinrik hafi fengið úthlutað byggðakvóta sem síðan varð að eignarkvóta. „Ég skil ekki af hverju þessi fullyrðing er sett fram, nema ef vera skyldi að bærjastjórinn vilji reyna að sverta mitt mannorð og koma höggi á mig.“

Hinrik segir að Halldór viti betur og sömuleiðis Agnes Bragadóttir blaðamaður Morgunblaðsins. Hinrik segir að Kambur hafi vissulega fengið byggðakvóta eins og mörg önnur fyrirtæki og þá fyrst og fremst fyrstu árin og hann viðurkennir að það hafi hjálpað þeim af stað. Þá hafi byggðakvóti Kambs ekki verið öðruvísi en annar byggðakvóti, honum hafi verið úthlutað eitt ár í senn.

„Síðustu tvö kvótaár hefur hverju plássi á Vestfjörðum verið eynamerktur byggðakvóti, nema Flateyri. Ég fékk þá skýringu að af því við leigðum og keyptum svo mikinn kvóta fengjum við ekki byggðakvóta“, segir Hinrik. Hann segist hafa sótt það mjög fast til bæjarins, og þá af prinsippástæðum, að Flateyri fengi hluta af byggðakvóta Ísafjarðarbæjar. „Til þess að fá þetta fram þurfti ég að virkilega að beita mér gagnvart bærjastjórnunum og bærjastjórninni.“

Þá segist Hinrik ekki skilja tal Halldórs um samfélagslega

ábyrgð. „Það er rétt hjá Halldóri að ég hringdi í hann þann 16. maí og tilkynnti honum um ákvörðun eigenda Kambs. En ég var búinn að vera í viðræðum við útgerðir á Vestfjörðum sem ég taldi að hefðu áhuga og bolmagn til að kaupa kvótann. Menn vildu ekki kaupa kvóta á þeim tíma þannig að ég skil ekki hvers vegna ég hefði átt að hringja í Halldór. Mér hefur sýnst hann hafa nóg á sinni könnu og eiga nóg með að stjórna því sem hann er að fást við dags daglega. Ekki hefur það gengið svo vel hjá honum.“

„Hefði það verið samfélagsleg ábyrgð að halda áfram rekstri sem við teljum dauðadæmdan? Ég var búinn að heyra af tillögum Hafrannsóknastofnunar um niðurskurð og hafði fundað með þeim og skynjað hvað var framundan þó mér dytti aldrei í hug að niðurskurðurinn yrði svona mikill. Svo hefur gengið verið hátt, sömuleiðis kvóta-leigan og við byrjuðum að tapa peningum á áramótum, eftir að við kláruðum okkar kvóta og fórum að leigja. Þá hafa verið umræður um að hefta leiguframsál á kvóta sem Kambur var mjög háður, eigandi ekki meiri kvóta. Rekstrarlegar forsendur Kambs voru brostnar. Við hefðum getað þraukað eitthvað lengur en það hefði farið mjög illa. Ég ætlaði ekki að fara þá leið eins og svo oft hefur verið farin, til að mynda undir forystu bærjaryfirvalda þar sem skuldum er breytt í hlutafé og óarðbærum rekstri er haldið áfram þangað til allt er farið í þrot. Þjónustuaðilar og bærinn



Hinrik Kristjánsson, framkvæmdastjóri og aðal eigandi fiskvinnslunnar Kambs hf., á Flateyri

tapa á því og það hefði verið óábyrgt af okkur að halda áfram í þessu umhverfi.“

Að mati Hinriks var ekki gerlegt að draga saman seglin hjá fyrirtækinu og vinna úr minna magni af fiski. „Við skoðuðum ítarlega hvort að við gætum skorið niður okkar rekstur, fækkað fólki og bátum en við hefðum þurft að fara í verulegar fjárfestingar í vinnslunni. Húsin eru ekki útbúin fyrir þá vinnslu og við vorum að horfa verulega fjárfestingu ætluðum við að minnka umfangið.“

Að sögn Hinriks var talað við forsvarsmenn fimm öflugra sjávarútvegsfyrirtækja um að kaupa allt hlutafé Kambs og halda þar áfram

vinnslu á Flateyri. „Fyrir því var ekki áhugi. Það var áhugi fyrir kvótanum og að við sam-einuðust inn í önnur fyrirtæki en ekki að halda áfram vinnslu fyrir vestan.“

Hann segir að eftir að ákvörðun um að selja Kamb varð opinber hafi Jakob Valgeir ehf. og Hraðfrystihúsið – Gunnvör hf. sýnt áhuga á að kaupa umtalsverðan kvóta og það hafi gengið eftir. „Helm-ingurinn af heimildunum varð eftir á svæðinu og mér var ljúft og skylt að selja hann hér heima. En ég þurfti ekki bærjastjórn til að aðstoða mig við það. Ég skil ekki, ef hann vildi kaupa kvóta, þá var kvóti til sölu alls staðar. Hann gat keypt kvóta út um allt land.“

Þegar Básafell var að leysast upp ákváðu Hinrik og fjöl-skylda hans, ásamt Steinþóri Bjarna Kristjánssyni að kaupa eignir Básafells á Flateyri og halda þar áfram vinnslu. „Við höfðum öll fengið uppsagn-arbréf frá Básafelli og við keyptum eignir Básafells í landi á Flateyri. Við byrjuðum á núllpunkti í kvóta og keyptum okkur krókabáta sem síðar voru kvótasettir. Síðan höfum við keypt verulegan kvóta og á síðasta ári keyptum við níu félög fyrir 1.600 milljónir. Við skuldsettum okkur fyrir milljarða í kvótakaupum. Þegar allt vara að ganga yfir í vor þá lýsti bærjastjórinn því yfir að stofna ætti almenningshlutafélag um kvótakaup. Ef ég

hef skilið þetta rétt þá átti að kaupa kvóta fyrir milljarð en einhver hefur hjálpað honum að reikna og hann komst að því að fyrir milljarð fást einungis 300 tonn.“

Hinrik skilur ekki fullyrðingu Agnesar Bragadóttur, blaðamanns Morgunblaðsins, um að ítrekað hafi verið reynt að ná í sig við vinnslu greinarinnar. „Það var ekki hringt á skrifstofuna, ekki heim til mín, ekki í farsimann minn og ekki í bílasímann minn. Þegar hún var fyrir vestan að tala við menn gisti hún á Sólbakka hjá Einari Oddi vini sínum og það hefði verið minnsta mál að ná í mig. Viti hún ekki númerið mitt þá veit Einar það.“ – smari@bb.is

Skel- og rækjubáatar fá samtals 137 tonn í bætur

Sjávarútvegsráðuneytið hefur staðfest skilyrði sem Ísafjarðarbær leggur til vegna úthlutunar á byggðakvóta til skípa á fiskveiðiárinu 2006 til 2007. Skel- og rækjubáatar fá samtals 137 tonn í bætur. Skelbátarnir, sem eru tveir, fá 50 tonn og 87 þorskígildistonn koma í hlut rækjuveiðibáta, sem eru 15 skráðir á Ísafirði. Skipting byggðakvótans milli skelveiðibáta verður jöfn, en skipting milli einstakra rækjuveiðibáta verður í hlutfalli við aflahlutdeild þeirra í rækju þann 1. september 2006. Þau skip sem fá úthlutað samkvæmt þessum lið geta ekki sótt um frekari úthlutun byggðakvóta hjá Ísafjarðarbæ á þessu fiskveiðiári.

Alls 193 þorskígildistonn-



Ísafjarðarhöfn.

um verður úthlutað eftir bærarhlutum Ísafjarðarbæjar. Í hlut Flateyrar koma 29 tonn, 86 tonn fara til Ísafjarðar og í hlut Suðureyrar koma 78 tonn auk 15 tonna sérúthlutunar. Samkvæmt sérúthlutun fara 22 tonn til Hnífsdals og 87

tonn til Þingeyrar. Byggðakvóta samkvæmt þessari grein skal skipt samkvæmt lönduðum afla til vinnslu í Ísafjarðarbæ á tímabilinu 1. júlí 2006 til 30. júní 2007. Vinna má aflann í hvaða byggðarlagi sem er innan sveitarfél-

lagsins. Frestur til að sækja um byggðakvóta er til 24 júlí.

Tæpir tveir mánuðir eru eftir af fiskveiðiárinu og hafa útgerðarmenn og sjómenn furðað sig á því hversu seint byggðakvóta er úthlutað.

– smari@bb.is

Jafn straumur ferðamanna

Sumarið hefur farið nokkuð vel af stað á Hótel Ísafirði og var straumur ferðamanna jafn og þéttur allan júní.

„Júní byrjaði vel með fjölmennu verkstjóraþingi og síðan hefur verið ágætis straumur“, segir Áslaug Alfreðsdóttir hótellstjóri. „Þó mætti auðvitað alltaf vera meira.“ Áslaug segir góða veðrið hafa haft mikið að segja. „Fólk staldrar lengur við ef það sér að það spáir góðu og fer þá kannski í fleiri ferðir um svæðið í kring.“

Hvað seinni hluta sumars varðar segir Áslaug útlitið vera þokkalegt. Ferðamanna- myndrið hafi þó eitthvað breyst, einstaklingum fjöl-gar en hópum fækkar, auk

þess sem hóparnir minnka.

„Ég held að ferðaþjónustuaðilar á Ísafirði séu almennt nokkuð ánægðir með sumarið. Mörg skemmtiferðaskip komu snemma og farþegar þeirra hafa sett svip sinn á bæinn. Mér hefur líka sýnst nóg að gera á stöðum eins og Tjörúhúsinu og Kaffi Edinborg“, segir Áslaug.

Henni finnst sérstaklega gaman að sjá Edinborgarhúsið lifna við, aðstaða þar sé nú öll til fyrirmyndar. „Ég held að bætt aðstaða og það að fólk hefur úr meiru að velja geri það að verum að það vill frekar breyst, einstaklingum fjöl-gar en hópum fækkar, auk

– halfdan@bb.is

Til minningar um látna skólafélaga

Árgangur 1961 úr grunnskólanum á Ísafirði afhjúpaði stuttu skildi til minningar um tvo skólabræður þeirra, þá Kim Svanberg Olesen og Gunnar Örn Svavarsson. Ásta Kristinsdóttir, eitt skólasystkinanna segir að þetta hafi staðið til í nokkurn tíma. Nú hafi þau látið af þessu verða og voru skildirnir afhjúpaðir í kirkjugarðinum í Engidal á afmælisdegi Svanbergs. Séra Agnes Sigurðardóttir flutti stutta hugvekju við afhjúpunina og hópurinn söng saman sálm. Meðfylgjandi mynd tók Ásta frá athöfninni.



Ritstjórnargrein

Mál að vakna

Sem við mátti búast bögglaðist ákvörðun sjávarútvegsráðherra um þorskveiðar á næsta fiskveiðidag miðvél fyrir brjóstum manna. Meðan einn lofar ráðherrann fyrir áráði syngur annar honum bölbætur. Hreint út sagt var ekki við öðru að búast meðan við búum við fiskveiðistjórnunarkerfi sem á yfir tveggja áratuga viðverutíma hefur leitt til stöðugs samdráttar í veiðum; kerfis þar sem útvöldum voru afhent milljarða verðmæti í óveiddum fiski „til veðsetningar, til sölu, leigu og veiða allt eftir geðþótta hvers og eins þeirra,“ eins og þingmaður nokkur komst að orði í eldhúsdagsmæðu á Alþingi 1998. Fer ekki á milli mála að með þessum gjörningi var unnið mesta óþurftarverk í allri sögu Alþingis.

Hugsanlegt er að ákvörðun sjávarútvegsráðherra leiði sitt hvað gott af sér er fram í sækir þegar horft er til mótaðgerða ríkisstjórnarinnar. Eftir stendur þó að þær draga ekki úr tekjutapi fólks og fyrirtækja og öllum þeim margþætta vanda sem því fylgir. Þannig er gott eitt að segja um fyrirætlunir stjórnvalda um bætтар samgöngur, auknið fjarskiptasamband og aukna möguleika á menntun í heimbyggð, svo fátt eitt sé nefnt. Hinu verður ekki framhjá horft að í dag lífum við ekki á brauðinu sem kann að verða bakað á næsta eða þar næsta ári. Þess vegna verða að koma til ný atvinnutækifæri í stað þeirra sem hverfa með samdrættinum í þorskveiðum.

Í annan stað verður að ætla að þessi afdrifaríka ákvörðun ráðherrans muni leiða til þess að fiskveiðistjórnunarkerfið verði allt tekið til gagnerrar endurskoðunar. BB hefur á undanförmum misserum marg sinnis rifjað upp yfirlýsingar fyrrum og núverandi stjórnmalamanna um að þeir væru tilbúnir að endurskoða hin og þessi ákvæði kvótakerfisins; að þeim væru ljósir hinir og þessir vankantar þess; að það hafi aldrei verið meiningin að einstaklingar gætu farið með milljarða króna í rassvasanum út úr kerfinu og að eðlilegt sé að almenningi, sem lögum samkvæmt er sagður eigandi audlindarinnar, sé misboðið. En, þrátt fyrir allar yfirlýsingarnar hefur enginn þessara manna svo mikið sem hreyft litla fingur til að uppræta ósómamann, laga kerfið. Þess vegna stöndum við frammi fyrir þeim vanda sem nú blasir við og af þeim sökum sá sjávarútvegsráðherra sig nauðbeygðan til að hlýta formúluútreikningi Hafró um veiði á þorsk á næsta fiskveiðidag út í æsar.

Ríkisstjórnin verður að standa við stóru orðin: um getuna sem þjóðin á að hafa til að takast á við vandann sem samdrátturinn í þorskveiðum veldur, við fyrirheitin um mótaðgerðir og að þær komi fólki og fyrirtækjum, sem fyrir hremmingunum verða, að gagni. Ákvörðun sjávarútvegsráðherra og umræðan í kjölfar hennar tekur af öll tvímæli um að uppstokkun á kvótakerfinu er óumflýjanleg. Að tala um sátt um kvótakerfið, eins og sumir hafa leyft sér, eru öfugmæli af verstu gerð.

s.h.

Á þessum degi fyrir 24 árum

Gæðaviður af Hornströndum

Á hverju sumri fara þeir Vilmundur Reimarsson og Magnús Jónsson á Hornstrandir í rekaleidangur. Þeir Magnús og Vilmundur eru bræðrasynir og bjuggu þeir ásamt foreldrum sínum í Bolungarvík á Ströndum þar til fyrir um 20 árum. Héðan hafa þeir sumar hvert farið nokkrar ferðir á reka, sem síðan er unninn í girðingarstaura í sögunarskúr þeirra frændanna á Hreggnesi. Á dögum þegar fréttaritari Mbl. Átti leið um höfnina voru þeir Vilmundur og Magnús að koma úr reka-vidarleiðangri á bát sínum, Sæðisi. Aðspurður kvað Magnús farminn vera efni í um 700 girðingarstaura og sagði að þeir hefðu náð í þessi tré á svokölluðum Almenninum sem eru austan Fljótavíkur. Magnús kvað megnið af þessum trjám koma frá Síberíu, og að sögn sérfræðinga tæki það 3 til 4 ár frá því trén töpuðust í ám í Síberíu og þar til þau ræki á land á Hornströndum. „Þetta er alveg öndvegis víður, ódrepani víður í hvað sem er, það held ég nú,“ sagði Magnús og var þar með þotinn því nú kom Vilmundur niðureftir á dráttarvélinni til að aka trjábólunum til sögunar.

Einleikin hátíð sem hefur fest sig í sessi

Leiklistarhátíðin Act alone var haldin á Ísafirði undir lok síðasta mánaðar. Á dagskrá hátíðarinnar voru fjölmargar leiksýningar, tvö námskeið, fyrirlestur um einleikara, einleikin myndlistarsýning og málþing um einleikjaformið, og hefur hátíðin aldrei verið jafn vegleg og nú. „Þetta var alveg geggjað,“ segir Elfar Logi Hannesson, forspraki hátíðarinnar. „Allt rúllaði mjög vel og það var afar góð aðsókn á allar sýningar. Það kom skemmtilega á óvart þar sem það var hörd samkeppni við sólina. Þannig var troðfullt út úr dyrum á Þingeyri síðasta dag hátíðarinnar, og eins í Haukadal, þar var vel setið og staðið, á öllum stöðum sem hægt var. Ég var rosalega ánægður með undirtektir og hvernig gekk.“


Að sögn Loga voru listamennirnir sem sýndu og kenndu á Act alone ánægðir með hátíðina og ekki síður með Ísafjörð. „Þeir náðu að slappa vel af, hér er ekkert stress og læti og gott að geta aðeins hvílt sig á „stórborgarfilingunum“.

Við erum búin að eignast marga Ísafjarðarvíni úr lista-geiranum sem eiga áreiðanlega eftir að koma aftur, hvort sem þeir koma sem gestir eða listamenn.“

Logi segir Act alone komið til að vera og sem dæmi um það má nefna að styrktaraðilar tóku mun betur í að koma að hátíðinni í ár en áður. „Þeir sem ég hafði samband við þekktu mikið til hátíðarinnar og ég held að heimildarmyndin Leikur einn hafi haft mikil áhrif. Við höfum fengið jákvætt og gott umtal, fjölmíðlar hafa fylgst vel með.“

– Frá upphafi hefur verið ókeypis á allar sýningar hátíðarinnar. Er ekkert erfitt að ná endum saman?

„Það gekk betur að fá styrktaraðila núna en í fyrra en við erum ennþá að reyna að ná núllinu. Í fyrra sá Gísli Súrs-son um að taka á sig fjárhagslegt tap hátíðarinnar, og ætli það verði ekki þannig aftur í ár. Gísli fer á heimikið flakk í haust, austur á land og norður, þannig að útlaginn fer í útleð til að borga það sem



Elfar Logi Hannesson.

eftir stendur. Þetta tekur tíma, ég vissi það frá byrjun. Markmiðið er að ná núllinu og á næsta ári munum við gera það, ég hef fulla trú á því.“

Nú segist Logi ætla að slappa af í einhverjum tíma og hvíla sig eftir syrpuna. Síðan verður fljótlega farið að huga að næstu hátíð. „Hún verður haldin síðustu helgina í júní, eins og hefð er fyrir, og verður jafnvel ennþá stærri en hátíðin

í ár.“

Logi er þakklátur fyrir góð viðbrögð Vestfirðinga. „Ég vil þakka Ísfirðingum, Vestfirðingum og þeim ferðamönnum sem sóttu hátíðina kærlega fyrir. Einnig veittu okkur lið fjölmörg fyrirtæki og einstaklingar. Það voru allir til í að hjálpa og ég þakka þeim kærlega sem komu að þessu með okkur, okkur var sýndur ómetanlegur stuðningur.“

Fjarnám í hjúkrun frá Háskólasetrinu

Háskólinn á Akureyri hyggst verða við beiðni Háskólaseturs Vestfjarða um að nýr hópur á Ísafirði hefji fjarnám í hjúkrunarfræði við skólann haustið 2008. Á vefsíðu Háskólasetursins kemur fram að þetta sé mikið gleðiefni fyrir setrið og þá Vestfirðinga sem áhuga hafa á að leggja stund á nám í hjúkrunarfræði. Þegar hafa 15 manns haft samband við setrið og lýst yfir áhuga á því að hefja fjarnám í hjúkrun haustið 2008. Í vetur verður haldið undirbúningsnámskeiði fyrir þessa nemendur til þess að búa þá undir krefjandi nám og reyna að auðvelda þeim að komast í gegnum niðurskurðinn eftir fyrstu önnina.

Þegar stundar hópur kvenna

fjarnám í hjúkrun hjá Háskólasetrinu og verður hópurinn sem hefur nám 2008 sá þriðji til að takast á við það í fjarnámi frá Vestfjörðum. Fyrsti hópurinn hóf nám í greininni haustið 1998, en með þeirri kennslu hófst fjarnám frá Háskólanum á Akureyri, sem síðan hefur vaxið meira en nokkurn gat grunað.

Ef einhverjir áhugasamir nemendur hafa enn ekki sett sig í samband við Háskólasetrið og sett nafn sitt á lista tilvonandi hjúkrunarfræðinema eru þeir hvattir til að gera það svo þeir geti verið með frá upphafi og tekið þátt í undirbúningnum næsta vetur.

– tinna@bb.is



Háskólasetur Vestfjarða.

Útgefandi: H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólögðu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564
 Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is · Blaðamenn: Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is – Tinna Ólafsdóttir, sími 868 5963, tinna@bb.is – Smári Karlsson, sími 866 7604, smari@bb.is · Hálfán Bjarki Hálfánsson, sími 863 7655, halfdan@bb.is. Ritstjóri netútgáfu bb.is:
 Sigurjón J. Sigurðsson · Ljósmyndari: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is
 Ábyrgðarmenn: Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 300 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti.
 Önnur útgáfa: Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. · ISSN 1670 - 021X

Rögvaldur og Anna Ragnheiður sigruðu

Rögvaldur Magnússon (GBO) og Anna Ragnheiður Grétarsdóttir (GÍ) sigruðu á opna Kaupþingsmóttinu á Syðridalsvelli í Bolungarvík fyrir stuttu. Rögvaldur fór holurnar átján á 72 höggum en Anna Ragnheiður á 88 höggum. Keppt var í fjórum flokkum; karlaflokk, kvennaflokk, unglíngaflokk og opnum forgjafarflokk. Ernir Steinn Arnarsson (GBO) sigraði í unglíngaflokki á 79 höggum og Sveinbjörn Rögvaldsson (GBO) sigraði á 62 höggum í opnum forgjafarflokki. Til leiks mættu 48 keppendur en um var að ræða fyrsta stórmót sumarsins á Syðridalsvelli. Að því er fram kemur á vef GBO voru aðstæður til golflíðkunar með besta móti og var almennt álit keppenda að völlum væri í góðu ástandi og má það þakka einmuna veðurbliðu síðustu vikur.

Vel heppnaður markaðsdagur í Bolungarvík

Fjöldi manns lagði leið sína á markaðsdaginn sem haldinn var í Bolungarvík á laugardag, en hann hefur skipað sér sess sem einn veglegasti menningarviðburður sumarsins í Víkinni. Boðið var upp á fjölda solubása og veglega dagskrá þar sem ýmsir landsþekktir skemmtikraftar stíga á stökk og má þar nefna stúlkurnar í Nylon flokknum, Hara systurnar eftirminnilegu

úr X-factor og grínarann Björgvin Franz Gíslason. Fjöldi leiktækja vöktu lukku hjá fyrir yngri kynslóðinni og voru þar einna vinsælastir Go-Kart bílar og hoppkastalar. Markaðsdagsgestir gátu einnig barið gamla og uppgerða eðalvagna augum, auk þess sem haldin var mót-orhjólasýning þar sem glansandi eðalfákar í bland við torfærutroll voru sýnd. Á fostudags-

kvöld hituðu Bolvíkingar og gestir upp fyrir markaðsdaginn og sameinuðust um að grilla í Hreggnasagryfjunni þar sem fluttur var brekkusongur undir stjórn songvarans og þingmannsins Árna Johnsen. Hátíðinni lauk síðan með dansleik Eurobandsins með Reginu Ósk og Friðrik Ómar í fararbroddi og var dansað fram á rauða nótt. — thelma@bb.is



Soffía Vagnsdóttir, forseti bæjarstjórnar Bolungarvíkur, og Grímur Atlason, bæjarstjóri, létu sig að sjálfsögðu ekki vanta á hátíðina.



Fjöldi leiktækja var fyrir yngri kynslóðina á markaðsdeginum í Bolungarvík.



Hara systurnar tóku lagið fyrir markaðsdagsgesti.

Auðunn sigraði á síðasta EVK móttinu

Auðunn Einarsson (GK) sigraði á tíunda og síðasta minningarmóttinu um föður sinn, Einar Val Kristjánsson, sem haldið var í Tungudal um helgina, en hann hefur unnið á móttinu öll tíu árin sem það hefur verið haldið. Auðunn lék holurnar 36 á 140 höggum, átta höggum minna en Þorsteinn Örn Gestsson (GÍ) sem hafnaði í öðru sæti. Í því þriðja var Kristinn Kristjánsson (GÍ) á 155 höggum.

Í karlaflokki með forgjöf sigraði Sigurður Ólafsson (GÍ) á 132 höggum, því næst kom Hálfán Kristjánsson (GÍ) með sama höggfjölda. Í þriðja sæti var Þorsteinn Örn Gestsson (GÍ) á 134 höggum. Anna Ragnheiður Grétarsdóttir (GÍ) sigraði í kvennaflokki án forgjafar á 173 höggum, Guðrún Á. Stefánsdóttir var í öðru sæti á 199 höggum og í þriðja sæti var Sigurbjörg J. Gunnarsdóttir (GS) á 201 höggi. Í kvenna-

flokki með forgjöf sigraði Guðrún Á. Stefánsdóttir á 145 höggum, því næst kom Anna Ragnheiður Grétarsdóttir á 149 höggum og svo Sigurbjörg J. Gunnarsdóttir á 159 höggum. Emir Steinn Arnarson (GBO) sigraði í unglíngaflokki án forgjafar á 157 höggum, Anton Helgi Guðjónsson (GÍ) var í öðru sæti á 167 höggum og Nikulás Jónsson (GBO) var þriðji en hann fór holurnar 36



Verðlaunahafar á móttinu.



Börn Einars Vals Kristjánssonar stóðu að móttöldinu öll tíu árin í samvinnu við GÍ. Hér eru þau ásamt tengdabörnum og barnabörnum.

á 173 höggum. Nikulás sigraði svo í unglíngaflokki með forgjöf á 125 höggum, Ernir Steinn Arnarson var annar á 135 höggum og Ólafur Njáll Jakobsson (GÍ) var þriðji á 138 höggum.

62 keppendur tóku þátt í móttinu sem haldið var í blíðskaparveðri um helgina. Að móti loknu afhentu börn Einar Vals Golfklúbbs Ísafjarðar minningarskjöld um föður þeirra, en þau stóðu að móttöldinu í samvinnu við GÍ. — thelma@bb.is

HEILBRIGGISSTOFNUNIN ÍSAFJARÐARBAE

Augnlæknir

Þóra Gunnarsdóttir augnlæknir er með móttöku á Ísafirði. Lausir tímar eru í viku 30. Tímappantani í síma 450 4500 á milli kl. 8-16 alla virka daga.

„En við skulum taka alla hagkvæmnina inn í. Það getur verið mjög dýrt fyrir þetta samfélag ef hinar dreifðu byggðir myndu flosna upp. Kostnaður ríkisins við að það gerðist gæti verið óendanlegur.“

Menningarlegt og siðferðislegt mál að halda úti byggð í landinu

Vestfirðingar kalla eftir aðgerðum ríkisins í kjölfar þeirra áfalla sem hafa dunið á þeim undanfarna mánuði. Fjöldi fólks hefur misst vinnu í kjölfar lokana og gjaldþrota fyrirtækja. Þorskveiðar verða skertar verulega á næsta fiskveiðiári og grunar marga að ástandið verði enn verra að ári verði ekkert gert. Það eðlilegt að leitað sé til þingmanna þegar svona háttar. Einar Oddur Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi, hefur ekki verið þekktur fyrir að liggja á skoðunum sínum. Hann hefur gagnrýnt efnahagsstefnu stjórnvalda í mörg ár og sagt hana vera fjandsamlega útflutningsgreinunum, einmitt þeim sem allt snýst um vestur á fjörðum. Blaðamaður leit til hans á Sólbakka í Öndarfirði og byrjaði á að spyrja hann hvað honum finnst um fréttirnar sem hafa borist frá Vestfirðum síðustu mánuði.

„Fréttirnar undanfarna mánuði hafa verið skelfilegar. Nú síðast af niðurskurði þorskkvótans. Ég er ekki viss um að það þurfi að skera svona mikið niður, sú skoðun mín er ekkert launungarmál. En þessi Hafrannsóknastofnun er aðalráðgjafastofnun ríkisstjórnarinnar. Geri hún slíkar tillögur getur stjórnin lítið annað gert en að fara eftir hennar veiðiráðgjöf. Vandamálið er þessi stofnun. En á meðan hún er aðalhljálpartæki stjórnvalda þá verður farið eftir henni. Ekki nokkur sjómaður sem ég hef rætt við upplifir ástand þorskstofnsins eins og þeir hjá Hafró, hvort sem þeir eru að róa fyrir sunnan, norðan eða vestan. Þegar sérfræðingar frá Hafrannsóknastofnun ræddu við okkur í þingflokki Sjálfstæðisflokksins spurði ég einnar spurningar. Hvernig í veröldinni haldið þið að hægt sé að veiða, með þeim flota og veiðarfærum sem við höfum notað í gegnum tíðina, 130 þús. tonn af þorski og 100 þús. tonn af ýsu? Auðvitað fékk ég engin svör. Það vita allir sem hafa eitthvað komið nálægt sjávarútvegi að það er óframkvæmanlegt. Annaðhvort verður þetta þannig að við eigum eftir óveidd 50 þús. tonn af ýsu um þetta leyti á næsta ári eða að gríðarlegu magni af þorski verður hent. Það er raunveruleikinn.“

Vitringaveldi Hafró og Seðlabankans

„Þessi hágengisstefna fær ekki staðist. Við erum með mjög hátt gengi sem er einfaldlega haldið uppi með handaflí. Það er Seðlabankinn sem gerir það með vaxtastefnu sinni þannig að þetta er ekki

frjáls verðmyndun á gjaldmiðli heldur er hágengið þvingað fram. Þeir sem standa fyrir því hljóta að bera ábyrgð á því. Ég hef gagnrýnt þá mjög, og sagt þá vera að gera mikil mistök. En það er eins með þessa vitringu í Seðlabankann og í Hafrannsóknastofnun, þeir eiga sín reiknimódel og taka þau fram yfir raunveruleikann. Við verðum að koma líffræðirannsóknnum hafsins inn í háskólana. Það verðum við að gera til að vísindin fái þá meðferð sem þau eiga að fá. Það er að segja að tryggja rökræður frjálsra sjálfstæðra vísindamanna.“

–Eru þeir ekki frjálsir og sjálfstæðir á Hafró?

„Þegar við lokum þekkingu inn í ríkisstofnunum leiðir það til þess að vísindamennirnir halda að þeir séu handhafar einhvers sannleika. Sannleikur þeirra er reiknimódelið. Og allir sem mótmæla því eru sagðir vera óábyrgir. Það getur enginn unnið frjáls í slíku umhverfi. Við höfum dæmin um svona stofnanir og við þurfum ekki að leita langt aftur í tímann. Við vitum hvernig þetta var í Sovétríkjunum, þau eiga að vera næg víti til varnadar.“

Stefnir í að Ísland verði borgríki

–Hvað með byggðastefnuna í þessu landi? Það virðist vera rekin hér byggðastefna höfuðborginni í vil?

„Á Íslandi ríkir mjög sérstakt ástand. Tveir þriðju hlutar íbúanna býr á höfuðborgarsvæðinu, einn þriðji á landsbyggðinni. Þetta er held ég alveg einstakt, að minnsta kosti í mjög fáum ríkjum í heiminum er íbúaskiptingin svona. Að fólk sé að flytja úr

dreifbýlinu í þéttbýlið er þróun sem hefur átt sér stað um allan heim og litið á það sem mikið vandamál og er eitt mesta félagslega vandamál heimsins. Við höfum sannarlega þótt vera að reyna að reka hér byggðastefnu. En það þarf ekkert að fara í grafgótur með það að okkur hefur gengið mjög illa að styrkja hinar dreifðu byggðir. Ef við ætlum okkur að styrkja þær, þá þurfum við að grípa til annarra ráða en við höfum notað hingað til. Annars verður hér borgríki og sama sem engin byggð á Íslandi á skömmum tíma.“

Það eru allar þjóðir að taka þessu mjög alverlega. Svíar taka þessu alvarlega, sömu leiðis Norðmenn og hið sama gildir um flestar þjóðir Vestur Evrópu. Mér var nýlega bent á að Skotar hafa náð hvað bestum árangri í að styrkja dreifbýlið. Og þá hafa þeir farið þessar nýju leiðir sem við höfum bent á. Þeir hafa eftl á allan hátt menningarstofnanir og skóla landsbyggðarinnar. Efla alla tegundir skóla og alla mögulega menningarstarfsemi. Þær aðgerðir hafa reynst þannig að fólk hefur litið á landsbyggðina sem valkost til búsetu. Ég veit vel að það þarf margt annað til, en að efla skóla og menningarstarfsemi hefur reynst þeim vel í Skotlandi. Það var þverpólísk samstaða í þinginu um ályktun um byggðamál sem gekk einmitt út á þessa hluti.“

–Koma áhrifin af slíkum aðgerðum ekki seint í ljós?

„Nei, niðurstaða Svía og Skota er á þá leið að þetta virkar mjög snarlega. Það sem við erum að standa frammi fyrir á Vestfirðum er einhæft atvinnulíf. Í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands

kemur fram að sjávarútvegur er meira en 40 prósent þáttatekna Vestfjarða. Í reynd segir það okkur að hér er eintómur sjávarútvegur. Án sjávarútvegs væri hér enginn. Og þegar við lendum í viðlíka vanda og steðjar að núna, þ.e. hágengi, niðurskurði á þorski og ekki síst hrun rækjunnar þá erum við í verulegum vanda. Hækkar á afurðaverði á bol-fiskmörkuðum hefur hjálpað mörgum fyrirtækjum að komast í gegnum þetta háa gengi en verð á rækju hefur verið mjög lágt um langt skeið. Niðurskurðurinn kemur niður á öllum þáttum vestfirskis samfélags. Aðgerðirnar sem við ætlum í miðast við að passa upp á næstum hvern einasta hlut. Þær munu taka til sjávarútvegsfyrirtækjanna, sveitarfélaganna sem munu verða af miklum tekjum og síðan þurfum við að passa upp á atvinnustigið. Ef það verður atvinnuleysi þá flytur fólk í stórum stíl í burtu og við því megum við ekki. Við erum þegar orðin afar veik. Svo munum við flýta opinberum framkvæmdum og þeim verður flýtt og ég á þá fyrst og fremst við samgöngur.“

Færeyska kerfið er kvótakerfi

– Nú sáum við kvótakerfið í sinni grimmustu mynd á Flatreyri í vor. Hvað finnst þér um kerfið í dag?

„Menn rugla þessu oft saman. Þegar kvótakerfið var sett á um miðjan níunda áratuginn var líka talið neyðarástand í hafinu. Sumir, að mér finnst, hafa verið að blekkja fólk, þegar þeir sögðu að það hafi verið lífsnauðsynlegt að setja kvótakerfið á til að friða fiskinn í sjónum. Og það örlar enn á þessum misskilningi. Þessi grein þjóðhagfræðinnar sem kallast fiskihagfræði á fiski. Þessi fræðigrein snýst um útreikninga á hvernig við komust hjá því að rentan af auðlindinni fari niður í núll. Líffræðin og hin stærðfræðilega fiskifræði snýst um hversu mikið er af fiski í hafinu og hvað er skynsamlegt að veiða mikið, þannig að við megum ekki blanda þessum tveimur fræðigreinum saman. Mér

finnst það oft vera gert og menn eru oft að rifast hvort að færeyska kerfið sé betra en hið íslenska. Ég get ímyndað mér að svo geti verið, að minnsta kosti í botnfiski. En færeyska kerfið er náttúrulega bara kvótakerfi. Nema að því leyti að andlag nýtingarréttarins er sambland af meintri sóknargetu skips og tíma. Það er að segja þessir fiskidagar. Hjá okkur er andlag veiðileyfisins þetta aflamark, sem sagt einvörðungu þyngd aflans.“

Ég hef alltaf haft mikla tilhneigingu til að halda að við munum aldrei ná tökum á veiðinni nema við stjórnum flotanum. Við verðum að stjórnun afkastagetu flotans þó mönnum finnst það mjög slæmt. Útvegsmenn eru mjög á móti því og það er mjög skiljanlegt. Í kvótakerfinu eins og það er á Íslandi er svo auðvelt að versla með aflaheimildir og mjög skiljanlegt að útvegsmennirnir vilji hafa nýtingarréttinn í því formi þar sem auðvelt er að versla með hann. Í Færeyjum er hægt að versla með aflaheimildir en það er miklu erfiðara en kvótakerfið á Íslandi. Ég hef áður sagt að við getum aldrei náð að hámarka það sem við náum úr hafinu nema með því að stjórna afkastagetu flotans og reyna að finna út með rannsóknnum hvernig veiðarfæri við eigum að nota, hvar við eigum að veiða og hvenær. En þessi sjónarmið eiga ekki mikið upp á pallborðið.“

Ríkið getur keypt aflaheimildir

– En verður kvótakerfinu breytt í stórum dráttum?

„Við breytum því að sjálf-sögðu þangað til við náum árangri. En það dettur engum í hug að við ætlum að taka veiðiréttinn af íslenskri í útgerð.“

–En frjálsa framsalið og eignarrétturinn er það sem er harðast gagnrýnt, eru það ekki þær breytingar sem margir landsmenn, ekki síst íbúar sjávarbyggðanna eru að kalla eftir?

„Eignarhaldið, eða eignarréttarigildið er eins í Færeyjum og á Íslandi. En hvað framsalið varðar verða menn að spyrja sig, hvað er framsal.

Jú, framsal er verslun og hvenær var það tekið í lög? Voru það últra-hægrimmenn í Sjálfstæðisfloknum sem kýldu það í gegn? Nei, framsalið var lögfest árið 1990 í tíð vinstri stjórnar Steingríms Hermannssonar og stutt af öllum þingmönnum allra flokka. Framsal er bara sjálf-sögð verslun og eitt það alvitlausasta sem við gætum gert væri að banna frjálsa verslun. Hinsvegar er það rétt, og ég skil Sturla Böðvarsson á þann veg, að í byggðamálum eigum við og verðum að taka miklu meira tillit til félagslegra aðstæðna og ríkið getur beitt sér í þeim efnum. Og á að gera það.“

– Hvernig getur ríkið beitt sér þegar aflaheimildir eru seldar úr heilu byggðarlagi?

„Það getur að sjálf-sögðu beitt sér í því, með allskyns reglum og lagasetningum. Og með því að kaupa upp veiðheimildir. Ríkið hefur nóg peninga til þess og það er ekkert sem bannar stjórnvöldum að skipta sér af. Menn segja það vera óheilbriggt ef ríkið skiptir sér af með þessum hætti. Segja það skapa óhagkvæmni. En við skulum taka alla hagkvæmnina inn í. Það getur verið mjög dýrt fyrir þetta samfélag ef hinar dreifðu byggðir myndu flosna upp. Kostnaður ríkisins við að það gerðist gæti verið óendanlegur.“

– Þú sérð sem sagt fyrir þér að ríkið kaupi kvóta og dreifi honum í byggðum sem standa höllum fæti?


„Ég sé ekkert að því. Menn eiga að hugsa þetta með opnum huga. Við erum með Byggðastofnun sem veitir peninga, bæði í formi lána og styrkja, í hina og þessa hluti. Það hefur ekki gengið sem skyldi með mörg verkefni Byggðastofnunar en við verðum að ná árangri og ef ríkið getur komið að því með öðrum hætti, eins og t.d. með kvótakaupum, þá ber okkur að skoða það vandlega. Það er ekkert heilagt í þessu.“

Hafró í háskólana

– Megum við eiga von á því að meira fjármagn verði lagt í hafrannsóknir?

„Ég er á því að meira fjár-

„Flutningsjöfnun er afar vandmeðfarin. Það hafa verið gerðar úttektir á þeim og til ýmsar fyrirmyndir frá Evrópu og Bandaríkjunum. Ég vil ekki úttala mig um hvernig útfærslan ætti að vera en fyrst og fremst á flutningsjöfnun að vera til fyrirtækja og þá að bæta samkeppnisstöðu þeirra.“



magn þurfi að fara í líffræðibáttinn. Hjá Hafró fer 70 prósent í fiskveiðiráðgjöf, eitt-hvað hlýtur að fara í að stjórna apparatinn þannig að það er ekki mikið eftir til að annast líffræðina“

–Ertu þá að tala um rannsóknir?

„Ég er að tala um rannsóknir á lífríki hafsins með hliðsjón að því hvernig við getum veitt sem mest án þess að stofna fiskistofnumum í hættu. Og ég tel mjög mikilvægt að þessar rannsóknir fari fyrst og fremst inn í háskólana og þar eiga þær heima. Hafrannsóknaskipin eiga auðvitað að vera hluti af flota Landhelgisgæslunnar. En að halda öllum rannsóknunum inni í þessari stofnun, í stofnun þar sem menn halda að þeir séu handhafar sannleikans er skelfilegt og við verðum að brjótast út úr þeim viðjum.“

–Ertu þá ekki að tala um að leggja Hafró niður? Yrði Hafró með veiðiráðgjöfina áfram?

„Það er útfærsluatriði. Menn geta búið til einhverja fiskveiðiráðgjöf. Það er bara að safna saman þekkingu, eða meintri þekkingu, bæði frá líffræðingum og stærðfræðingum. En líffræðirannsóknirnar eiga að fara inn í háskólana og vera þar. Ég tel það kjörrið tækifærið til að efla Háskólann á Akureyri. Það er fátt nauðsynlegra landsbyggðinni en að efla háskólastigið

þar og er eitt það albrýnasta sem við getum gert.

–Verður stofnsettur háskóli á Vestfjörðum?

„Við erum að leggja okkur alla fram um að koma til þeirrar stofnunar miklu meiri peningum og munum gera það.“

–Verður semsagt stofnaður háskóli á næstunni?

„Það er ekki aðalatriðið hvað við köllum stofnunina. Aðalatriðið er að hún eflist þannig að hún verði trúverðug og sé þess bær að stunda alvöru rannsóknir. Hvenær við breytum nafninu úr háskólastettri í háskóla skiptir ekki höfuðmáli.“

–En háskólasetur útskrifar til dæmis ekki nemendur.

„Jú, það útskrifar nemendur með hinum háskólunum. Aðalatriðið er að tryggja þessari stofnun mikið meiri fjármuni þannig að hér verði vettvangur alvöru rannsóknir.“

Auðveldara að tala fyrir byggðastefnu en fyrir fimm árum

–Hvaða náttúruleg mál er við að etja hjá hinu opinbera að þegar nýjar stofnanir eru settar á fót þá eru þær iðulega á höfuðborgarsvæðinu en ekki á landsbyggðinni?

„Ég man þegar fjarvinnslan kom fyrst til skjalanna og menn fóru að átta sig á því það skipti ekki máli hvar störfin voru unnin. Þá komu þeir sem stjórnðu Byggðastofnun með mikla bjartsýni í huga og bentu á að ekki þyrfti að vinna öll störf í Reykjavík. Það var

skipuð nefnd á vegum stjórnarráðsins, þar sem í voru allir ráðuneytisstjórnarnir. Nefndin fór yfir þessi mál og nefndarmenn horfðu á nákvæmlega sama hlutinn og komust að því að nú væri hægt að vinna öll störfin í Reykjavík. Auðvitað er það þannig að Reykjavík er stjórnsýslumiðstöð Íslands en það má vinna fleiri störf úti á landi. En það hefur reynst þingmönnum landsbyggðarinnar ákaflega erfitt að berjast fyrir þessu sjónarmiði einfaldlega því að birókratían sér um sig. Á síðustu misserum sé ég þó töluverðan árangur og verður léttar á næstunni. Þetta er mun víðurkenndara sjónarmið en áður og allt annað að ræða þetta en fyrir fimm til tíu árum.“

–Geta ekki heilu stofnanir verið úti á landi?

„Jú, auðvitað en þetta hefur verið mikil barátta en ekkert gengið en nú eygi ég að fjöldi opinberra starfa muni aukast á landsbyggðinni.“

–Er talsmaður byggðastefnu

– Er það ranglega túlkað hjá mér að þú hafir ekki verið mesti vinur byggðastefunnar sem hefur verið rekin hér?

„Já og nei. Ég er mjög hlynntur öflugri og skynsamri byggðastefnu og hef talað fyrir henni á þingi. En ég hef gagnrýnt Byggðastofnun á undanförunum árum. Sannleikurinn er sá að hún hefur nánast verið á reki og verið í tilvistar- kreppu. Það hefur enginn í raun og veru vitað hver til-

gangurinn eigi að vera með stofnuninni. Ég tel að það sé hægt að breyta þessu og finnst það vera lífsnauðsynlegt. Það þarf að veita henni inn á nýja farvegi, eins og t.d. í menningar- og menntamálu og Byggðastofnun á að koma beint að því. Stofnunin á líka að skipta sér að miklu fleiri félagslegum málum og í atvinnuuppbyggingu. Byggðastofnun hefur aldrei verið að vinna neitt með landbúnaðinum en það er mjög nauðsynlegt að gera.“

–Það voru ekki gæfulegar fréttir sem bárust frá þínum heimabæ í vor. Veistu hvað mun gerast á Flateyri?

„Nei, í sjálfu sér veit ég það ekki. Menn hafa tíma til 1. september. og ég veit að það er verið að vinna í þessum málum af mikilli alvöru. Það er það eina sem ég get sagt um það. En það hefur ekkert slegið í bakseglin.“

–Ýmsir töluðu um skyndilegan áhuga þinn á landbúnaði fyrir kosningarnar í vor. Hvað kom til?

„Áhugi minn á landbúnaði er ekki skyndilegur. Ég hef setið í landbúnaðarnefnd þingsins í mörg ár og verið að vinna í þeim málaflokki. Landbúnaður er grundvallaratriði í því að halda landinu í byggð. Ef sveitir landsins byggðastefnu og hef talað fyrir henni á þingi. En ég hef gagnrýnt Byggðastofnun á undanförunum árum. Sannleikurinn er sá að hún hefur nánast verið á reki og verið í tilvistar- kreppu. Það hefur enginn í raun og veru vitað hver til-

rangt að minn áhugi á landbúnaði sé skyndilegur og er hreint út sagt vitleysa. Þú getur spurt vestfirska bændur um það. En það er rétt sem konan mín segir, ég er óhæfur til flestra sveitastarfa. En maður þarf ekki að moka flór til að hafa áhuga á landbúnaði.

Skattalækkun á landsbyggðina tóm vitleysa

– Kristinn H. Gunnarsson reifaði þá hugmynd að íbúar landsbyggðarinnar borgi lægri skatt. Sérðu það fyrir þér?

„Nei, ég held að þetta sé tóm vitleysa og óframkvæmanlegt. Það fer tvennum sögum að því hvernig þetta hefur gengið hjá þeim þjóðum sem hafa reynt þetta. En það er margt annað sem við getum gert. Til dæmis að lækka flutningskostnað til fyrirtækja.

–Ert þú fylgjandi flutningsjöfnun?

„Já, ég er það. Flutningsjöfnun er afar vandmeðfarin. Það hafa verið gerðar úttektir á þeim og til ýmsar fyrirmyndir frá Evrópu og Bandaríkjunum. Ég vil ekki úttala mig um hvernig útfærslan ætti að vera en fyrst og fremst á flutningsjöfnun að vera til fyrirtækja og þá að bæta samkeppnisstöðu þeirra. Það er líka hægt að veita ungu fólki sem er að klára nám annaðhvort frest eða afslátt á afborgunum námslána. Hvað skattaafslætti til landsbyggðarinnar varðar efast ég í fyrsta lagi um að pólitísk sátt náist um slíka að-

gerð. Í annan stað mun það bjóða upp á óhemju vitleysu og misnotkun. Við eigum ekki að eyða tíma í að ræða mál sem við vitum að nást ekki í gegnum þingið. Einbeitum okkur frekar að málum sem einhver sátt er um.“

–Verður hægt að halda framboðsfund á Flateyri eftir fjögur ár? Verður nógu mikið af fólki eftir?

„Ég veit ekki hvað framtíðin ber í skauti sér. Ég hélt reyndar engan fund á Flateyri fyrir kosningarnar, komst ekki yfir það og þykist þekkja sæmilega til hér. En það er ákaflega dýrmætt fyrir framtíð þessarar þjóðar að við berum gæfu til að byggja þetta land. Ef það gengur ekki erum við í mikilli hættu, bæði menningarlega og síðferðislega.“

–En af hverju hefur ekkert tekist hingað til?

„Við höfum unnið einhverja sigra. En það eru allt varnarsigrar og þróunin er mjög hröð. Við erum komin lengra en flestar nágrannaþjóðir okkar í því að mynda hér eitt borgarríki og þess vegna þurfum við að grípa til miklu róttækari og kostnaðarsamari aðgerða heldur en hefur verið gert hingað til.“

–Er pólitískur vilji fyrir því innan Sjálfstæðisflokksins?

„Maður má ekki gefa sér það fyrirfram, það verður að berjast fyrir hlutum. En ég ber mikið traust til formanns Sjálfstæðisflokksins. Hann hefur mikinn skilning og víðtæka þekkingu á þessum málum.“

– smari@bb.is

Trausti semur Landsmótslagið 2007

Önfríðingurinn og lagasmiðurinn Trausti Bjarnason var beðinn um að semja Landsmótslagið 2007 og hefur þar með bætt enn einni rósinni í hnappagat sitt. Trausti ætti að vera Vestfirðingum og landsmönnum öllum löngu kunnur fyrir lagasmiðar sínar, en hann hefur meðal annars samið fjölda laga sem hafa komist í Söngvakeppni Sjónvarpsins. Landsmótslagið er samið fyrir Landsmót Ungmennafélags Íslands, sem hefst í Kópavogi síðar í vikunni, og heitir það Komdu með. Textinn við lagið er eftir Trausta og Ragnheiði Bjarnadóttur systur hans. Flytjendur eru Jón Jósep Snæbjörnsson og Birgitta Haukdal. Ákveðið var að panta Landsmótslag í ár í tilefni af 100 ára afmæli Landsmóts UMFÍ, en mótin eru meðal umfangsmestu íþróttaviðburðum á Íslandi.

Hátæknileg harðfiskverkun með um tuttugu starfsmenn

Harðfiskverkunin Vestfiskur í Súðavík hefur verið í gríðarlegum vexti undanfarnar vikur og mánuði og hefur starfsmannafjöldi fyrirtækisins margfaldast. Ómar Helgason er einn þriggja eigenda fyrirtækisins sem nýverið opnaði með pomp og prakt nýja og tæknilega vinnslu í fyrrum húsnæði hraðfrystihússins Frosta. Bæjarins besta sló á þráðinn til Ómars milli fundarhalda og fékk að forvitnast aðeins um ganginn að undanförmu og hvernig vinnslan hefur gengið fyrir sig.

Enginn hafði undan að flaka

– Nú hafa staðið yfir miklar framkvæmdir á húsnæði ykkarar í Súðavík að undanförmu. Hvað hafði þið eiginlega verið að gera?

„Við vorum fyrst og fremst að setja upp nýja þurrklefa fyrir bitafisk sem við erum að framleiða. Við vorum bara með einn klefa og erum búnir að bæta við fleirum. Svo vorum við að setja upp nýjan klefa fyrir roðlaus flök, en þar áður höfðum við bara einn pínulítinn klefa sem dugði ansi skammt.“

Við erum líka komnir með vinnslulínu. Í byrjun létum við handflaka fyrir okkur, en framleiðslan jókst svo hratt að ekki hafðist undan að flaka. Þá fórum við að láta frystihús í kringum okkur flaka fyrir okkur í vélum og höfum t.d. keypt mikið af tilbúnum flökum frá Íslandssögu á Suðureyri sem reynist mjög vel þar sem við gætum ekki flakað sjálfir. Markmiðið er að vera að mestu sjálfum okkur nægir með því að fá okkur bát og tryggja þannig stöðugra hráefni inn í húsið. Þá urðum við að kaupa okkur flökunarvél svo við gætum tekið fiskinn heilann inn í hús, flakað og snyrt.

Sjávarútvegsfyrirtæki á svæðinu hafa tekið okkur nýliðunum vel og veitt okkur aðstoð í startinu, við leigjum húsnæðið af HG, kaupum fisk af Íslandssögu og höfum fengið lánuð tæki frá fleirum eins og t.d. Kambi á Flateyri. Ég held að þeim finnst spennandi

að sjá nýja menn fara af stað með nýtt viðskiptamódel í fiskvinnslu og að það sé einhverjir að gera nýja hluti eins og við. En til þessa dags höfum við engan hitt sem segir okkur neitt annað en að við séum brjálaðir að fara út í útgerð.

Svo má ekki gleyma Súðavíkurhrepp, en þeir hafa verið okkur einstaklega liðlegir og Ómar Már sveitarstjóri hefur staðið eins og klettur við hlið okkar.“

Starfsmenn orðnir alls 17 talsins

– Og nú eru nokkuð margir byrjaðir að vinna hjá ykkur. Starfsmannafjöldinn hefur blásist út.

„Jú, hann hefur gert það. Núna eru starfsmenn orðnir 12 í húsinu, sá tólfthi var að byrja í morgun. Þar fyrir utan erum við með 5 manns bakvið útgerðina, þannig að við erum 17 allt í allt. Hvort við fjölgum eitthvað meira verður að koma í ljós.“

– Þið vinnið að langmestu leyti úr ýsu, ekki satt?

„Jú, eins og er vinnum við nær eingöngu úr ýsu. Að vísu erum við með hjallasteinbít á vorin. En við erum ekkert byrjaðir að vinna þorsk af neinu viti, aðeins farnir að þreifa fyrir okkur með að vinna hann. Maður veit að vísu ekkert hvað verður eftir þennan kvótaniðurskurð og hvort það verði eitthvað hægt að fá einhvern þorsk.“

Framfarir í innþurrkun

– En þið eruð ennþá að einhverju leyti ennþá í hjallaþurrkun? Þið haldið í ræturnar þó þið séuð orðnir býsna nýtskulegir í verkuninni.

„Steinbítur held ég að hreinlega verði að þurrkast í hjalli. Ég held hann verði hvorki fugl né fiskur ef farið verður að þurrka hann í klefa. Það er ekki nema maður útbúi klefa þannig að hægt verði að setja rár inn í hann. En það er og verður alltaf fólk sem tekur ekki annað í mál en þennan hefðbundna, vestfirska harðfisk sem er þurrkaður í hjalli og það er sjálfsagt að reyna að

koma til móts við það fólk.“

– Myndirðu segja að það sé mikill bragðmunur milli harðfisks sem er þurrkaður í hjalli og í klefa?

„Nei, mér finnst það ekki. Þegar ég smakkaði innþurrkaðan fisk í fyrsta skipti fyrir rúmlega áratug fannst mér hann eiginlega bara vondur. En þá voru náttúrulega ekki komnar eins góðar græjur og núna. Í dag finnst mér innþurrkaður fiskur eiginlega bara betri. Og svo er það bitafiskurinn sem er vinsælastur, en ég gæti ekki verkað sýslumannskonfektíð í hjalli.“

Vinna úr þremur tonnum á dag

– Þið eruð farnir að vinna úr gríðarlega miklu magni, ekki satt?

„Jú, við þurfum eiginlega alveg skuggalega mikið magn í þetta. Við erum náttúrulega nýbyrjaðir af einhverju ráði í nýja húsnæðinu svo afkastagetan er ekki alveg komin á hreint ennþá. En við höfum sett okkur þau markmið að vinna úr svona þremur til fimm tonnum af fiski á dag.“

– Þið farið fljótlega að vera með stærstu harðfiskverkendum á landinu.

„Það gæti farið svo en við erum first og fremst að hugsa um reksturinn hjá okkur en ekki stærðina hjá öðrum.“

Er og verður alltaf mjög dýr vara

– Heyrst hefur að ekki skorti eftirspurn eftir harðfiski frá Vestfiski og að afurðirnar nái aldrei að safnast upp.

„Já, hingað til hefur ekki verið neitt vandamál að selja, síður en svo. Við vorum að bæta viðskiptamannalistann til þess að geta fylgst almennilega með hvað hver búð þarf mikið svo menn verði ekki lens í lengri tíma.“

Ég hef ekki nokkrar áhyggjur af eftirspurninni. Þetta er meira spurning um það hvernig fiskverð á eftir að þróast á næstunni. Ef það hækkar mikið þá verður alltaf erfiðara og erfiðara að standa í þessu.

Harðfiskur er og verður alltaf mjög dýr vara. Það liggur



Ómar Helgason.

mikil vinna bakvið hvert kíló og rýrnunin er alveg svakalega mikil, yfir 90%. En maður skilur að neytandanum finnst þetta dýrt. Þetta er í raun hálfgerð munaðarvara.“

Fá SMS ef eitthvað breytist

– Vinnslan er mjög tæknileg og hægt að fjarstýra henni að einhverju leyti, ekki satt?

„Jú, við erum nettengdir við stýringu þurrklefanna svo það skiptir í raun engu máli hvar maður er staddur. Maður getur alltaf fylgst með hita, rakastigi, lofthraða og öðru slíku. Ef einhver öld kemur uppá fáum við strax SMS-skilaboð um það og getum þá skoðað það strax og brunað á staðinn og lagað. Eða jafnvel lagað í gegnum tölvuna.“

Svo er mjög vel hægt að fylgjast með ferlinu, og ef fiskurinn kemur öðruvísi út en eðlilegt er, getur maður skoðað nákvæmlega hvernig ferlið var á meðan fiskurinn var í verkun. Þannig getur maður séð hvort eitthvað hafi gerst í

inn í vinnsluna en við þurrkum. Þar sem við erum með flökun og snyrtilínu þá er meiningin að við skerum verðmesta bitann af fisknum og seljum hann ferskan á erlenda markað þannig náum við að tryggja okkur hámarks verðmæti út úr hverju hráefniskiló.

Það er ómögulegt að segja hvort fiskvinnslan verði síðan einhvern tímann orðinn stærri hluti af rekstrinum en harðfiskurinn, en í augnablikinu erum við að einbeita okkur að þurrkuninni.“

Nauðsynlegt að vinna eins og skepna

– En viðskiptamódelið lítur sémilega út, er það ekki? Ef allt gengur upp ættuð þið nú varla að fara á hausinn.

„Nei, það vona ég nú ekki en viðskiptaáætlunin lítur vel út og svo verður maður að hafa trú á sjálfum sér. Eitthvað verður fólk að gera. Við erum náttúrulega hálfpartinn bundin í sjávarútveginum hérna á Vestfirðum og ef enginn þorir að taka áhættu og gera eitthvað, þá gerist ekkert nýtt.“

Í dag er erfitt að byggja upp svona fyrirtæki frá grunni því vextir eru mjög háir og fjármagnskostnaður þar af leiðandi mjög mikill. Þessi uppbygging okkar hefur að sjálf-sögðu kostað gífurlega peninga, en til að halda kostnaðinum eins lágum og hægt er verður maður að tileinka sér gömlu gildin; vinna eins og skepna og taka orðið „frí“ út úr orðabókinni, sleppa því að sofa og reyna bara að gleyma því að maður eigi fjölskyldu. Það vill sem betur fer til að við sem stöndum að þessu eignum mjög skilningsríkar eigin-konur.

Og svo er þetta ekki hægt nema með góðu starfsfólki. Við höfum verið heppnir með starfsfólki og ég held að það sé nóg af því hér í Súðavík. Núna þarf bara að keyra þetta svólítið áfram. Það má ekki setja hendur í skaut, ég tala nú ekki um að setja upp bindið. Menn verða að vera vakandi yfir þessu og grípa þau tækifæri sem bjóðast og halda ótrauðir áfram“

Frysting þorsks brot af því sem áður var

Frysting þorsks í Skutulsfirði er ekki nema brot af því sem áður var. Þetta kemur fram í tölum Fiskistofu sem Hagfræðistofnun Háskólans tók saman. Þar er birt yfirlit yfir þær 10 verstöðvar á landinu þar sem mest var fryst af þorski árin 1992 og 2005. Ísafjörður var í öðru sæti listans árið 1992 með 6.748 tonn en var ekki meðal þeirra tíu efstu árið 2005. Til að sanngirni sé gætt skal þess getið að Hnífsdalur er af einhverjum ástæðum sér verstöð í hagtölum þó byggðirnar tvær hljóti að teljast á sama atvinnusvæði. Þar voru árið 1992 fryst tæp 4.000 tonn af þorski en árið 2005 tæp 2.900 tonn. Hnífsdalur situr í 9. sæti á listanum bæði árin.

Ný bryggja á Ísafirði

Unnið er á fullu við að smíða nýja bryggju í Ísafjarðarhöfn. Nýja bryggjan mun leysa af hólmi gömlu Dokkubryggjuna þar sem björgunar-báturinn Gunnar Friðriksson og lóðsbáturinn Sturla Halldórsson lágu, en bryggjan var afar illa farin og nær ónýtt. Nú er verið að steypa undirstöður í landi fyrir nýju bryggjuna sem verður 40 metra löng flotbryggja. Olís hf. bauð lægst í verkið, eða sléttar 13 millj. króna, en ýmsir vestfirskir undirverktakar koma að því fyrir hönd fyrirtækisins.



Útgerðarmaður Gullbjargar er ekki sáttur við Landhelgisgæsluna.

Segir veiðieftirlit Gæslunnar vera áráð á öryggi sjómanna

Landhelgisgæsla Íslands ræðst á öryggi sjómanna með því að nota upplýsingar úr öryggistækjum til veiðieftirlits. Þetta segir Gísli Hermannsson, útgerðarmaður Gullbjargar sem staðinn var að meintum ólöglegum veiðum í síðasta mánuði. Í reglum um skyndilokanir segir að Ríkisútlöngun beri að lesa upp allar skyndilokanir á hverjum degi

en það fórst fyrir daginn sem Gullbjörg var tekin í lokuðu hólfi. Í opnu bréfi til Landhelgisgæslunnar og stjórn-sýslunnar á Ísafirði segir Gísli: „Ég vil benda ykkur á að þið eruð að nota upplýsingar úr öryggistækjum sem var skikk-að um borð í báta til að reyna að kleggja á mönnum sem eru ekki skyggnir og hlusta ekki á útvarpssendingu sem aldrei

var send út. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem þið gerið þetta og er þetta áráð á öryggi sjómanna og kerfi sem útgerð-armenn þessara báta borga reksturinn á. Gísli Hermannsson, útgerðarmaður Gullbjargar ÍS 666 sem staðinn var að meintum ólöglegum veiðum á Deildargrunni þann 19.06. 2007.“ Að sögn Gísla eru yfirvöld

ad leita upplýsinga í svokölluðu STK-tæki, sem sér um sjálfvirka tilkynningaskyldu íslenskra fiskiskipa. Sjálfvirka tilkynningaskyldan er hugsuð til að tryggja öryggi íslenskra sjómanna en ekki til eftirlits með flotanum. Gísli segir að málið sé enn til rannsóknar hjá lögreglunni á Vestfjörðum.

– smari@bb.is

Vill láta athuga millilandaflug frá Þingeyrarflugvelli

Kristján Þór Júlíusson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins í Norðausturkjördæmi og fyrrverandi bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, vill skoða þann möguleika að ríkissjóður stuðli að millilandaflugi með sjávarafurðir frá Akureyri, Egilsstöðum og Þingeyri. Kristján segir að það þurfi að gefa fyrirtækjum í sjávarútvegi kost á að koma afurðum sínum á markaði án þess að þeim sé öllum keyrt til Keflavíkur.

„Þetta mun lækka kostnað fyrirtækjanna og létta á vegakerfinu. Það er grundvallar-

atriði í því sem er að koma upp með þorsstofninn núna að við gerum sem mest verðmæti úr afurðunum og útflutningur á ferskum flökum er eitt af því“, segir Kristján. Hann segist ekki þekkja til tæknilegra hliða mála en segir að millilandaflugvélar sem taka á loft frá Akureyri þurfi að millilenda á Egilsstöðum. „Brautin á Akureyri er of stutt og vélarnar geta ekki tekið á loft með fulla tanka af bensini. Því þarf að lenda á Egilsstöðum og taka meira bensín, þetta er aukakostnaður sem fyrirtækin bera.“

Kristján Þór hefur heyrt af umræðu um millilandaflug frá Þingeyri og segir nauðsynlegt

ad skoða það með öllum huga.

– smari@bb.is



Þingeyrarflugvöllur.

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
löggiltur fasteignasali
 Hafnarstræti 19 - Ísafirði • Sími: 456 3244

Guðmundur Óli Tryggvason
löggiltur fasteignasali
 Fax: 456 4547 • Netfang: eignir@fsv.is
 Heimasíða: www.fsv.is

<p>Eyrargata 6, Ísafirði</p> <p>110 m² fjögurra herbergja íbúð á 2. hæð til hægri í fjölbýlishúsi. Badherbergi endurnýjað.</p> <p>14.500.000,-</p>	<p>Aðalstræti 6, Bolungarvík</p> <p>96 m² einbýlishús úr timbri, klætt að utan, þrjú svefnherbergi og 21 m² frístandandi bílskúr.</p> <p>8.500.000,-</p>
<p>Sundstræti 22, Ísafirði</p> <p>Fjögurra til fimm herbergja íbúð á efstu hæð í fjölbýlishúsi ásamt bílskúr, íbúðin er ca. 140 m² og bílskúr er 28 m².</p> <p>17.400.000,-</p>	<p>Eyrargata 3, Ísafirði</p> <p>147 m² fimm herbergja íbúð á tveimur hæðum ásamt helmingi 60m² bílskúrs, nýtt badherbergi á neðri hæð.</p> <p>15.500.000,-</p>
<p>Sundstræti 30, Ísafirði</p> <p>Fimm herbergja íbúð á miðhæð í þrjúbýlishúsi ásamt bílskúr. Íbúðin er 133,4 m², geymsla í sameign, 6,2 m² og bílskúr er 30,6 m² eða samtals 170,2 m², eldhús og bað uppgert.</p> <p>17.200.000,-</p>	<p>Mjallagata 1, Ísafirði</p> <p>Fjögurra herbergja risíbúð í fjölbýlishúsi. Íbúðin snýr í suður og austur, er með þrennar svalir og er 147 m² að stærð.</p> <p>15.900.000,-</p>
<p>Mánagata 2, Ísafirði</p> <p>148 m² íbúð á tveimur hæðum í tvíbýlishúsi ásamt 23,7 m² atvinnuhúsnæði og eignarlóð.</p> <p>14.500.000,-</p>	<p>Hólsvegur 13, Bolungarvík</p> <p>232 m² steinsteypt einbýlishús á tveimur hæðum. Húsið er einangrað að utan og klætt með álklaðningu.</p> <p>10.900.000,-</p>
<p>Hjallavegur 2, Flateyri</p> <p>Einbýlishús með bílskúr, samtals 163 m² að stærð, þrjú svefnherbergi, nýtt þak á öllu húsinu.</p> <p>9.500.000,-</p>	<p>Sílfurgata 11, Ísafirði</p> <p>Þriggja herbergja íbúð á tveimur hæðum, skráð stærð er 74 m². Uppgert badherbergi.</p> <p>8.700.000,-</p>

Bolvísk börn á grunnskólaaldri fá frístundakort

Forráðamönnum allra barna á grunnskólaaldri í Bolungarvík verður sent svokölluð frístundakort fyrir 15. ágúst en þau verður hægt að nota til skipulegs íþrótt- og æskulýðsstarfs í sveitarfélaginu og nágrenni þess. Reglur um notkun kortsins hafa verið samþykktar af bæjaryfirvöldum en þær fela meðal annars í sér að kortið verði að upphæð 15.000 krónur fyrir tímabilið 1. september 2007 til 31. ágúst 2008 og nær til starfsemi íþróttafélaga og skipulags félags- og tómstundastarfs sem stendur í 6 vikur eða lengur og greitt er fyrir með þáttökugjöldum. Um er að ræða tilraunaverkefni og verður gerð sú krafa til þeirra félaga sem taka þátt í því að þau veiti bæjaryfirvöldum í Bolungarvík greinargóðar upplýsingar um starfið á meðan á tilrauninni stendur. Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna frístundakortsins verði að hámarki 2,1 milljón kr.



Endurbætur Litlabæjar í Skötufirði langt komnar

Unnið er á fullu við að koma Litlabæ í Skötufirði í upprunalegt horf en bærinn er eins og kunnugt er, í eigu Þjóðminjasafns Íslands. Kristján Kristjánsson, bóndi í Hvítanesi, segir að húsið verði að mestu leyti klárað í sumar.

Það eru Vestfirskir verktakar ehf. sem sjá um framkvæmdirnar. Fjölskylda Kristjáns gaf Þjóðminjasafninu húsið til varðveislu og endurbýggingar og stendur til að þar verði sýning um líf hins íslenska útvegsbónda. Búið er að klára húsið að utan en toluverð vinna er eftir innanderyra og segir Kristján að verkið hafi gengið hægt vegna peningaskorts en nú séu horfur á að nægt fjármagn sé til að klára endurbýgginguna. „Eftir hálfan mánuð verður ættarmót á



Litlabær í Skötufirði.

Litlabæ. Þar munu koma saman tvo hundruð afkomendur afa mfn og ommu, þeirra Finnboga Péturssonar og Soffíu Þorsteinsdóttur sem hjuggu á Litlabæ“, segir Kristján.

Jón Sigurpálsson, safnvorður Byggðasafns Vestfjarða, segir Byggðasafnið og Þjóðminjasafnið vinna saman að uppbyggingu Litlabæjar. Aðkoma Byggðasafnsins er fyrst og

fremst að koma upp áður-nefndri sýningu um líf útvegsbænda fyrir um 100 árum. Jón segir að vonir standi til að sýningin verði sett upp næsta sumar. – smari@bb.is



Framkvæmdir hafnar við sundlaugargarð

Framkvæmdir eru hafnar við sundlaugargarðinn við Árbæ í Bolungarvík. Að því er fram kemur á vef sveitarfélagsins gengur allt samkvæmt áætlun og er gert ráð fyrir að hægt verði að opna rennibraut, sem er 47 metrar, fyrir verslunarmannahelgi. Þá á eftir að fullvinna undirlag og busllaugina. Áætlaður kostnaður við sundlaugargarðinn er 17 milljónir króna.

Í þeim kostnaði er innifalín vaðlaug, frágangur lóðar, endurnýjun girðingar ásamt rennibraut og lend-

ingarlaug með dælubúnaði. Bæjarráð Bolungarvíkur samþykkti í haust tilboð frá Teiknistofunni Eik í hönnun á sundlaugargarði við sundlaug Bolungarvíkur. Verklok eru áætluð fyrir lok ágúst.

Þess má geta að í apríl hafði aðsókn að Sundlaug Bolungarvíkur aukist um rúm 20% frá því í fyrra, en í tilefni af 30 ára afmælisári sundlaugarinnar ákváðu bæjaryfirvöld að bjóða öllum börnum yngri en 16 ára frítt í sund út afmælisárið. – thelma@bb.is

Óvíst hvort Útilífveran verði haldin í ár

Enn er óvissa með hvort útivistarhátíðin Útilífveran verði haldin á Ísafirði síðar í mánuðinum. Ástæðuna segir Heimir Hansson, forstöðumaður upplýsingamiðstöðvar ferðamála á Ísafirði, vera þá að hátíðin hafi hreinlega ekki

náð til fólks. „Einstakir viðburðir innan hátíðarinnar, eins og Vesturgötuhlaupið og viðburðir Siglingaklúbbsins Sæfara lukkuðust þó vel og verði er að skoða að halda hátíðina í breyttri mynd þar sem vinsælustu viðburðirnir verða

áfram haldnir,“ segir Heimir. „Akkúrat núna er þó verið að veða og meta hvort kýla eigi á það og það eina sem er öruggt að Vesturgötuhlaupið verður haldið þriðju helgina í júlí. Þar er hlaupið úr Arnarfirði, fyrir Svalvoga og yfir í

Dýrafjörð. Þá er sumardag-skrá Sæfara með svipuðu sniði og áður skilst mér.“ Heimir segir hugmyndir á lofti um að hátíðinni verði breytt og hún verði einskona regnhlíf fyrir aðra útivistarviðburði sem haldnir eru yfir sumartímamann

á norðanverðum Vestfjörðum. „Hugmyndin er að Útilífveran verði ekki endilega stórvíðburður bundinn við eina helgi, heldur samansafn útivistarviðburða sem dreifast yfir lengri tíma. Það var í raun búið að ákveða að slá hátíðina

af þegar þessi hugmynd kom fram, að hafa hátíðina frekar smærri í sniðum.“

Útilífveran var haldin í annað sinn í fyrrasumar en hún er skilgetið afkvæmi Siglingadaga sem haldnir voru á Ísafirði í nokkur ár. – tinna@bb.is

STAKKUR SKRIFAR

Mótvægisáðgerðir

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Nú biða allir eftir ákvörðun um leyfilegan hámarksafla á Íslandsmiðum næsta fiskveiðiár. Ef til vill liggur ákvörðun sjávarútvegsráðherra, um það hve mikið megi veiða, fyrir þegar þessi orð birtast á prenti. Allir eiga hagsmuna að gæta, enda stefnir í verulegan samdrátt leyfilegs afls úr sjó. Margir velta fyrir sér hvornig á því standi að eftir þriggja áratuga yfirráð yfir 200 mílna fiskveiðilögsögunni skuli aflinn minnka enn. Fyrir 1976 veiddu fiskiskip frá öðrum ríkjum innan núverandi 200 mílna efnahagslögsögu. Nú sitjum við Íslendingar einir að veiðinni og aflinn minnkar stöðugt.

Hefur stjórnun fiskveiða mistekist og þá hvornig? Er kannski ómögulegt að stjórna fiskveiðum? Er verið að nota vond veiðarfæri eins og botnvörpu? Margir hafa út á hana að setja og segja hana skrapa botninn og eyðileggja hrygningarástæður. Aðrir vilja meina að togararall Hafrannsóknastofnunar gefi ekki rétta mynd af fiski í sjó. Samtök smábátasjómannanna telja nægan fisk í sjónum meðan aðrir telja að hvalur éti þorsinn. Hvalir eru stórar skepnur, misjafnlega þó. En hafið er yfir vafa að stórar skepnur þurfa mikið sér til viðurværis.

Margir úti í heimi hafa allt á hornum sér varðandi hvalveiðar Íslendinga og nægir að nefna skemmdarverk Sea Shepherd fyrir rúnum tveimur áratugum þegar tveimur íslenskum hvalveiðibátum var sókkt í Reykjavíkurhöfn.

Engu að síður hafa Íslendingar barist fyrir því að fá að stunda hvalveiðar í friði. En nóg um það. Hver er lausnin til að tryggja áfram virkt og sterkt efnahagslíf á Íslandi? Talað er um að flýta þegar ákveðnum framkvæmdum, þótt ekki liggi fyrir hver ákvörðun um hámarksafla verður. Það er skýr vísbending um verulegan aflsamdrátt.

Vart nægir sú lausn öllum. Einn fylgifyskur samdráttar kann að verða sá að minni þörf reynist fyrir vinnuframlag þeirra fjölmörgu útlendinga sem komið hafa á síðustu árum til Íslands og eiga sinn þátt í þeirri miklu efnahagsframskrá sem orðið hefur. Munu allir þeir þegar koma frá ríkjum Evrópusambandsins snúa aftur? Það verður að koma í ljós, en ekki er víst að svo verði. Þá kunna Íslendingar að standa frammi fyrir nýjum vanda vegna atvinnuleysis.

Vestfirðingar biða eftir mótvægisáðgerðum í heimabyggð. Fábreytt atvinnulíf með fáum styrkum stoðum þolir ekki mörg áföll. Fróðlegt verður að sjá hvort við eigum von á nýrri stefnu varðandi uppbyggingu skólakerfis á Vestfjörðum, sprotastarfsemi eða aðrar nýjungar sem styrkt geta búsetu-grundvöll. Ekki má gleyma að miklar úrbætur varðandi samgöngur standa fyrir dyrum. Fámennit samfélag þarfnast styrkra stoða. Við biðum spennit eftir útspli ríkisstjórnarinnar.

Blogg Eiríks Arnar Norðdahl

<http://fjallabaksleidin.blogspot.com>

Mannlífið

Ég er nú enginn sérstakur sálmamaður, almennt - og sá ekki þennan tiltekna - en er þó ekki mótfallinn þeim heldur. Þeir eru einfaldlega mishressir. Passíusálmarnir eru sem dæmi gríðarhressir, næstum því of hressir, svo jaðrar við einhvers lags móðursýki. Föstudaginn langa fyrir fyrstu Aldrei fór ég suður hátíðina lásam við **Hlynur Þór** og **Elfar Logi** þá alla í kirkjunni á Ísafirði, við undirspil **Arnar Ellasar Mugison** og hreyfimyndlýsingu **Jóhannesar Jónssonar**. Og er ég þó ekki sérlega trúður maður, kirkjurækinn eða kristinn. Og við Hlynur, Öddi, Jói og Logi engir Omegapredikarar.

Smáauglýsingar

Til sölu er Yamaha RS Warrior 1700 cc, ekið 19 þús. km. Hlaðið aukahlutum. Innflutt af umboði. Skoðað 09. Verð kr. 1.390 þús. Uppl. í síma 820 6412.

Til leigu er hús á besta stað í bænum í tvær vikur frá 16. júlí. Tilvalið fyrir aðkomufólk sem vantar almenna gistingu. Uppl. í síma 865 5615.

Til sölu er borðstofuborð og fimm stólar, tvískiptur ísskápur (ca. 170 cm á hæð), svefnbekkur (120 cm breiður), sjónvarpskápur með mörgum skúffum og lítil símakommóða og stóll. Uppl. í síma 892 8077.

Til sölu er Siemens eldavél með innbyggðum bókunarofni. Selst fyrir lítið. Uppl. í síma 897 6795.

Óska eftir sjóstöng og hjóli. Uppl. í síma 892 5721.

Bífreið óskast á verðbilinu 0-400 þúsund. Upplýsingar í síma 897 6795.

Kaupi bíla til niðurrifs. Uppl. í síma 899 4201.

Óska eftir ódýrum svefnsófa. Uppl. í síma 892 4372 og 894 4372.

Til leigu er 3ja herb. íbúð að Stórholti 13. Upplýsingar í síma 867 9085.

Vestfirskur verkamaður óskast til starfa á Egilsstöðum. Engra starfsréttinda krafist. Stór eða lítil íbúð getur fylgt starfinu. Uppl. í síma 892 2727.

Ertu orðin(n)

áskrifandi?

Síminn er 456 4560

Afmæli



Sólveig H. Kristjánsdóttir frá Suðureyri, íbúi á Hlíf á Ísafirði verður **sjötug** nk. laugardag, 14. júlí. Hún tekur á móti gestum í sal Hlífar frá kl. 16-18 á afmælisdaginn.

Spurning vikunnar

Ert þú uggandi um áhrif væntanlegs samdráttar í þorskeiðum á Vestfirði?

Alls svöruðu 474.

Já sögðu 399 eða 84%

Nei sögðu 59 eða 12%

Veit ekki sögðu 16 eða 4%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



Dívan og djassmaðurinn, Sólrún Bragadóttir og Sigurður Flosason.

Metnaðarfullt og fjölbreytt Sumar í Hömrum

Fjöldi tónleika verða haldnir á Ísafirði í júlí og ágúst á vegum Tónlistarfélags Ísafjarðar, undir yfirskriftinni Sumar í Hömrum. Þegar eru tvennir tónleikar yfirstaðnir en þeir næstu eru á sunnudag. Það var tékkneski strengjarkvartettinn Pi-Kap ásamt Eydis Franzdóttur óbóleikara sem reid á vaðið fyrir viku síðan og voru tónleikarnir vel sóttir og þóttu heppnast með ágætum. Pi-Kap kvartettinn hefur haldið fjölda tónleika víða um Evrópu og fengið mikið lof gagnrýnenda fyrir vandaðan og ekki síst tilfinningaríkan flutning. Næstu tónleikar voru í höndum tríós Hanne Juul frá Svíþjóð. Tríóið er skipað vísasöngkonunni Hanne Juul, Mats Bjarki Gustavi píanóleikara og Joakim Rolandson á saxófón. Alls eru sex tónleikar á dagskrá og eru þeir jafn fjölbreyttir og þeir eru margir. Hlýða má á ljóðasöng, háklassík og nútímamúsík, ungt listafólk á byrjunarreit og suma af þekkt-

ustu listamönnum þjóðarinnar.

Að sögn Sigríðar Ragnarsdóttur, skólstjóra Tónlistarskóla Ísafjarðar, er þetta í fyrsta sinn sem svo vegleg dagskrá er að sumri til í Hömrum. „Það hafa auðvitað oft verið einhverjir tónleikar á dagskrá á sumrin en aldrei svo margir. Þessir tónleikar voru allir komnir inn á borð Tónlistarfélagsins í vor og þegar lá fyrir að þeir yrðu svo margir ákvað stjórn félagsins að slá þeim öllum upp í einn pakka, einskonar tónleikaröð“

Sigríður segir að þó að Tónlistarfélagið haldi utan um tónleikana hafi listamennirnir allir sett sig í samband við félagið að fyrra bragði og leit að eftir samstarfi. „Það eru jafnvel enn að bæstast við tónleikar, og kemur í ljós fljótlega hvort úr því verði“ segir Sigríður sem vonar að sumartónleikaröðin verði að árlegum viðburði í Hömrum. „Það hefur komið í ljós að fólk sækir viðburði sem þessa jafnvel þó

það sé sumar og sól. Ætli ferðafólk spili ekki þarna inn í en sem dæmi má nefna að fjöldi ferðamanna sóttist eftir að koma á viðburði tónlistarhátíðarinnar Við Djúpið og leiklistarhátíðina Act alone. Það er greinilegt að listviðburðirnir hér fyrir vestan vekja athygli og það er mjög spennandi og skemmtilegt.“ Gera má ráð fyrir að tónleikarnir í Hömrum laði ferðafólk að, enda þarf ekki að skilja íslensku til að kunna að meta góða tónlist. Vestfirðingar ættu því ekki að vera í vandræðum með að bjóða gestum og gangandi með sér á menningarviðburði yfir hásumartímann.

Næstu tónleikar verða, sem fyrr segir, haldnir á sunnudag, 15. júlí. Á þeim spila þrjú ungrir listamenn sem enn eru í námi, en hafa þegar vakið talsverða athygli fyrir frábæran hljóðleikaraleik. Þetta eru þau Grímur Helgason klarínnettleikari, Greta Salóme Stefánsdóttir fiðluleikari og Hákon Bjarna-

son píanóleikari. Grímur lauk prófi frá Listaháskóla Íslands síðasta vor en hin tvö stunda enn nám við skólann. Verkin á efnisskránni eru eftir Bartók, Stravínski, Katsjaturían og fleiri.

Fimmtudagskvöldið 26. júlí er enn von á þremur listamönnum, sem halda tónleika undir yfirskriftinni Söngvar kvölds og morgna. Það eru söngvarahjónin Þóra Einarsson dóttir sópran og Björn Jónsson tenór, sem koma fram, en meðleikari þeirra er Ísfirðingurinn Anna Áslog Ragnarsdóttir píanóleikari. Á tónleikumunum verða flutt tónverk eftir Robert Schumann, Richard Strauss og Edward Grieg.

Í ágúst verða tvennir tónleikar á sumardagskrá Hamra. Hin unga ísfrska sópransöngkona Herdís Anna Jónasdóttir mun halda tónleika ásamt móður sinni, Sigríði Ragnarsdóttur, sem leikur á píanó. Á dagskránni verða ljóðasöngvar og ariur, en Herdís Anna stundar nú framhaldsnám við



Herdís Anna Jónasdóttir. Hanns Eisler tónlistarháskólan í Berlín.

Síðustu sumartónleikarnir í Hömrum verða miðvikudagskvöldið 22. ágúst undir yfirskriftinni Dívan og djassmaðurinn. Það eru þau Sólrún Bragadóttir sópransöngkona og Sigurður Flosason saxófónleikari sem ætla að leika sér með þekkt íslensk sönglög og þjóðlög í óvenjulegri samsetningu. Þessir tónleikar eru jafnframt fjórðu og síðustu áskriftartónleikar Tónlistarfélags Ísafjarðar á starfsárinu 2006-2007 og eru haldnir í samvinnu við Félag íslenskra tónlistarmanna. – tinna@bb.is

Vegleg dagskrá Sæluhelgarinnar

Undirbúningur Sæluhelgarinnar 2007 er á lokastigi en hátíðin stendur yfir 12.-15. júlí. Leiksýning Hallvarðs Súganda markar upphaf Sæluhelgarinnar líkt og hefð er fyrir, en í ár sýnir félagið Galdrakarlíni í Oz, í leikstjórn Rúnars Guðbrandssonar. Skothólsanga barna, óvissuferð unglínga, söngvarakeppni og húsmæðrafótbolti verða á dagskrá, auk hinnar sívinsælu mansaveiðikeppni, sem var kveikjan að Sæluhelginni á sínum tíma. Fjölskylduhátíð með grilli og leikjum verður í Brunnhúsbrekku á morgun. Þar verður Sæluhelgarlagið kynnt en það heitir Þorpið, hafið og ég, og er eftir Leif Blöndal og Halldór Gunnar Pálsson. Á laugardag verður barnadansleikur í íþróttahúsinu með hljómsveitinni Saga class, sem mun einnig skemmta þeim sem komnir eru á lögdur seinna um kvöldið.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Norðaustanátt, rigning NA-lands, en þurrt og bjart suðvestantil. Hiti 6-16 stig. **Horfur á laugardag:** Norðaustanátt, rigning NA-lands, en þurrt og bjart suðvestantil. Hiti 6-16 stig. **Horfur á sunnudag og mánudag:** Norðanátt með vætu norðan og austanlands en þurru veðri vestantil. Hiti 5-14 stig.

Sumarvinnan mín!

Sumarvinna á flugvelli á Ísafirði leggst vel í Ísafirðinginn Erling Fannar Jónsson, sem starfar nánar til tekið fyrir Flugfélag Íslands. Erlingur var að ljúka sínu fyrsta ári í líf-fræði við Háskóla Íslands. Hann stefnir aftur suður í haust þar sem hann mun halda náminu áfram.

„Þetta er sjötta sumarið sem ég vinn hjá Flugfélaginu og ég var hér sem afleysingamaður í þrjá vetur.“

–Þér líkar þetta starf þá greinilega vel?

„Eðislega. Það er svo góður andi hér, skemmtilegur vinnutími, vel borgað og ótrúlega skemmtilegir vinnufélagar.“

–Hvernig er vinnudagurinn á flugvelli?

„Við mætum hérna klukkan korter yfir sjó og byrjum á því að svara í símann, síðan kemur fyrsta vélin fljótlega eftir það. Yfir allan daginn erum við að bóka flugför, þannig að við erum einskonar þjónustufulltrúar þegar vélar eru ekki á vellinum. Þegar áætlanarvélarnar þrjár koma erum við hlaðmenn, berum sem sagt töskurnar í og úr vélunum. Einnig sjáum við hér á Ísafirði um ferðaþjónustu starfsmanna Flugfélags Íslands. Það eru um 3000 manns, starfsmenn



og fjölskyldur þeirra sem við sinnum. Við erum í því að svara þeim pósti yfir daginn og svo er síminn opin fyrir það sérstaklega í tvo tíma á dag.

Við erum einnig í ýmsu öðru, þegar koma sjúkraflyg, þyrlur og vélar til grænlands dælum við bensíni og sjáum um hitt og þetta. Það má því

segja að ég sé dálítill altnúginn.

–Hvað eruð þið margir sem sinnið þessu?

„Við erum þrír sem vinnum hér á virkum dögum og tveir um helgar, en þá er einn sem kemur bara í flugvélar.“

–Getur þú hugsað þér að vera hér næstu sumur?

„Já, nema ég finni starf sem

er tengt náminu sem ég er í.“

–Hvað er það besta við vinnuna?

„Það er andinn. Starfsmenn halda til dæmis fjögur golfmót á ári þar sem við grillum og tökum einn-tvo hringi á vellinum. Svo erum við með allskonar þemakvöld og höfum gaman saman.“



Sælkeri vikunnar er Gunnhildur Hálfánardóttir á Suðureyri

Humar, smálúða og bakaður ís

Sælkeri vikunnar býður upp á sannkallaða veislumáltíð. Í forrétt er pönnusteiktur humar í grænmeti, aðalrétturinn er fyllt smálúða og eftirrétturinn bakaður ís. Megináhersla er lögð á hráefni úr sjónum sem á vel við á sumrin þegar margir kjósa léttari mat. Með aðalréttinum mælir Gunnhildur með því að bera fram gott brauð og salat.

2 tsk smjör
2 tsk hveiti
3 dl rjómi

Skraut:

200 g rækjur eða humar

Flakið lúðuna og beinhreinsað. Sjóðið soðið úr beinum og kryddum, síði. Saxið sveppi og lauk og látið krauma í smjöri við vægan hita.

Pönnusteiktur humar í grænmeti

20 humarhalar í skel eða 400 gr. hraðfrystur humar
olía til að steikingar
salt og pipar
6 cl koniak
2 tsk karrý
1 tsk hvítlauksduft
2 dl rjómi
6-8 tómatar
1 lítil dós niðursoðin paprika
nokkrir dropar af tabasco
sósu, icebergssalathöfuð

Skerið flökin í sundur langsum og smyrjið fyllingunni á þau. Raðið flökunum í eldfast mót og hellið smávegis af soðinu yfir. Setjið álpappír yfir og bakið í 200°C heitum ofni í 15 mínútur.

Lagið sósu úr soðinu, rjóma og smávegis af hvítvíni eða mysu, í potti. Hrærið hveiti og smjöri saman og sjóðið í soðinu þangað til að sósan er orðin þykk.

Skelhreinsið humarinn og snögghitið í heitri olíu á pönnu. Kryddið með salti og pipar. Hellið koniakinu yfir, kveikið í og látið brenna út. Stráið karrí og hvítlauksdufti yfir og þynnið blönduna út með rjómanum. Bætið tómötum og papriku út í og hitið að suðu. Slökkvið undir og látið jafna sig. Skerið salatið niður í fina strimla og hrærið tabasco sósunni saman við. Berið fram með laussoðnum hrísgrjónum og góðu brauði.

Takið fiskinn úr ofninum og raðið rækjum eða humri á hann. Hellið sósunni yfir ásamt rifnum osti. Setjið fiskinn aftur inn í ofninn og bakið þar til osturinn er orðinn gullinn.

Bakaður ís

1 svampkókubotn
1 dós ferskjur
3 msk líkjör, Grand Marnier eða Cointreau
1 l vanillu ís
5 eggjahvítur
3-4 dl flórskykur
mönndluflogur

Setjið botninn í eldfast mót og vætið í honum með líkjörnum. Raðið ferskjum yfir og geymið á köldum stað. Stífþeytið eggjahvítur ásamt flórskyri. Spænið ísinn upp með skeið og leggið yfir ferskjurnar. Dreifið marengsinum yfir og gætið þess að hann hljái allan ísinn. Stráið að lokum möndlum yfir og bakið í 275°C heitum ofni í tvær til þrjár mínútur eða þar til marengsinn tekur lit.

Verði ykkur að góðu!
Ég skora á vinkonu mína Bryndísi Ástu Birgisdóttir á Suðureyri að vera næsti sælkeri.

Smálúðuflok með sveppafyllingu

6 góð lúðuflok
Soð:
1 fiskkrafteningur og lúðufiskbein
1 lárviðarblað
6 hvít piparkorn, heil
1 laukur í sneiðum
1 tsk þurrkað timian eða ein grein af fersku
nokkrar ferskar steinseljugreinar
2 dl af vatni
2 dl af hvítvíni eða mysu

Fylling:

200 g sveppir, ferskir

Sumarvinnan mín!

Elísabet Ósk Ólafsdóttir er að verða 17 ára gömul í haust. Í vor kláraði hún fyrsta bekk í Menntaskólanum á Ísafirði og í sumar vinnur hún hjá kirkjugörðum Ísafjarðar. Á hverju sumri fer hópur ungmenna um kirkjugarða Ísafjarðar og slær grasið, snyrtir göngustíga, tré og leiði. Útvinna sem þessi getur vissulega verið hressandi þegar vel viðrar.

–Hvernig líkar þér vinnan í kirkjugörðunum?

„Mér finnst hún rosalega fin bara, róleg og þægileg.“

–Hvað gerir þið í vinnunni?

„Við erum aðallega í að slá leiði og raka, auk þess sem við sjáum um að snyrta göngustígana og trén í gördunum. Við sjáum ekki beint um hvert leiði fyrir sig, ættingjar og vinir sjá yfirleitt um að gróður-setja og slíkt, en við sjáum um að vökva leiðin og passa upp á að þau séu snyrtileg.“

–Hvernig líkar þér kaupið?

„Það er rosalega gott miðað við þessa vinnu. Ég er að vinna frá átta á morgnana til hálf fimm og kaupid er alveg passlegt.“

–Hvað eruð þið mörg sem



vinnid við þetta?

„Við erum fimm núna.“

–Hefurðu unnið við þetta áður?

„Nei, þetta er fyrsta sumarið

mitt. Ég hef samt áður unnið úti við á sumrin, þegar ég var í bæjarvinnunni.“

–Finnst þér gott að vera úti við vinnuna?

„Já, veðrið er búið að vera svo gott undanfarið. Ég held líka að maður verði aðeins duglegri í svona vinnu þegar ekki er rigning og kuldi.“



Miðfell hf. gjaldþrota

Héraðsdómur Vestfjarða hefur kveðið upp úrskurð þar sem samþykkt var beiðni stjórnar Miðfells á Ísafirði um að fyrirtækið yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Þar með missa um 40 starfsmenn fyrirtækisins lífsviðurværi sitt. Á heimasíðu Verkalýðsfélags Vestfjarða kemur fram að félagið muni sjá um kröfugerð á hendur þrotabúinu fyrir hönd félagsmanna og vera þeim innan handar á allan hátt vegna þessa.

Ótímabundin vinnlustöðvun Miðfells var tilkynnt fyrir rúmri viku. Á fimmtudag var gjaldþrot fyrirtækisins kunngjört og við það tilefni brýndi formaður Verkalýðsfélagsins, Finnþogi Sveinbjörnsson, fyrir starfsmönnum að skrá sig strax hjá Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða ef ákveðið yrði að hætta rekstrinum.

Ákærður fyrir tilraun til manndráps

Ríkissaksóknari hefur ákært byssumanninn í Hnifsdal fyrir tilraun til manndráps. Ákæra á hendur manningnum var gefin út í síðustu viku og fór saksóknari fram á að gæsluvarðhald yfir manningnum yrði framlengt allt þar til dómur gengur í málinu. Hann er ákærður fyrir að hafa skotið úr haglabyssu í átt að eiginkonu sinni á heimili þeirra þann 8. júní síðastliðinn og þannig ógnað lífi hennar.

Eiginkonunni tókst að komast undan manningnum en þó ekki án áverka því skotið fór svo nærri henni að flíkur sem hún var íklædd rifnuðu, auk þess sem hún hlaut minniháttar áverka. Maðurinn gæti átt yfir höfði sér allt að 16 ára fangelsi.



Hinn árlegi markaðsdagur Bolvíkinga var á laugardag og var ýmis konar afþreying í boði fyrir bæjarbúa og gesti þeirra sem komu víða að. Þessi born fylgdust spennt með skemmtiatriði Hara systranna sem komu ásamt fleirum fram. Nánari umfjollun og fleiri myndir má sjá á bls 7.

Verkalýðsfélag Vestfirðinga skorar á stjórnvöld að styrkja landvinnsluna

Endurskoða á regluna um kvótaálag á útflutning á ísuðum ónunnum fiski, segir í ályktun Verkalýðsfélags Vestfirðinga. Félagið skorar á ráðamenn þjóðarinnar að endurskoða regluna sem það segir gera landvinnslunni mjög erfitt fyrir í ljósi boðaðs niðurskurðar í þorskafla. Í ályktuninni segir meðal annars:

„Ráðamönnum þjóðarinnar ber skylda til að tryggja sem öflugasta landvinnslu sjávarafurða á Íslandi, en það verður ekki gert með því að hvetja útgerðir til að senda sjávarafllu óunninn úr landi.“

Í greinargerð með ályktuninni segir að á Vestfjörðum sé samkvæmt nýjustu tölum frá Hagfræðideild Háskóla Íslands hæsta hlutfall verkafólks við fiskvinnslu og tengd störf.

Með boðuðum niðurskurði á aflaheimildum í þorski munu afleiðingarnar því hafa veruleg áhrif á störf og kjör þessa hóps. Með því að breyta reglunni um útflutning á ónunnum sjávarafurðum þannig að tryggt verði að sem mestum afla verði landað til vinnslu á Íslandi, þá munu afleiðingarnar ekki verða eins harkalegar og annars.

Með reglugerð nr. 750/1999 var þessum reglum breytt á þann veg að aðeins sá hluti aflans sem ekki er endanlega vigtaður hérlandis er nú látinn sæta álagi. Þessi skerðingaregla hefur frá 1. september 2001 verið 10% af óvigtuðum afla en var í upphafi 25% af öllum afla. Gert er ráð fyrir að kvótaálagið hverfi alveg á næsta fiskveiðiári.

Fiskvinnsluna og innlenda fiskmarkaði munar tvímælaust mest um þann fisk sem nú er fluttur út óunninn. Miðað við boðaðan aflasamdrátt í þorski á næsta fiskveiðiári skiptir það fiskvinnsluna mestu máli að eiga kost á að bjóða í þann fisk sem ella færi á erlenda fiskmarkaði.

– smari@bb.is

Greinir á um ummæli bæjarstjóra um byggðakvóta Kambs

Í Morgunblaðinu fyrir stuttu var mikil umfjollun um stöðu sjávarútvegs á Vestfjörðum þar sem haft var eftir Halldóri Halldórssyni, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, að Kambur efh. á Flateyri hafi fengið úthlutað byggðakvóta sem síðar varð að eignarkvóta. Í greininni er eftirfarandi haft eftir Halldóri:

„Það verður að segjast eins og er að kvótauppbyggingin á Flateyri var að hluta til með sértækum aðgerðum stjórnvalda þar sem Kambur fékk



Agnes Bragadóttir.



Halldór Halldórsson.

úthlutað ákveðnum byggðakvóta í upphafi sem varð að eignarkvóta.“ Halldór segir að einhvers misskilnings gæti milli hans og Agnesar Bragadóttur blaðamanns á Morgunblaðinu.

„Eini byggðakvótinn sem ég veit um var úthlutað árlega og varð ekki til eignar, þarna hefur orðið misskilningur milli mín og blaðamanns. Ég tók það skýrt fram við hana að þetta yrði að rannsaka“, segir Halldór. Agnes Bragadóttir

segir það vera rangt hjá Halldóri að um einhvern misskilning hafi verið að ræða. „Þetta er einfaldlega ekki rétt hjá honum. Ég á þetta á bandi og í samtali við hann bauðst ég til að spila það fyrir hann. Hann sagðist ekki vita hversu mikið magn var um að ræða og það er rétt hjá honum að við ætluðum rannsaka það frekar en okkur hefur orðið lítt ágengt“, segir Agnes Bragadóttir, blaðamaður.

– smari@bb.is